

Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf

# Munaskrá



Þrír sterkir stofnar standa að félaginu



Félag áhugamanna um Bátasafn  
Breiðafjarðar á Reykhólum



Æðarvé, félag æðarbænda



Reykhólahreppur

# Efnisyfirlit

|                              |    |
|------------------------------|----|
| Formáli .....                | 4  |
| Bátasafn Breiðafjarðar. .... | 5  |
| Bátar .....                  | 13 |
| Yfirlit .....                | 14 |
| Björg (Harpa).....           | 15 |
| Sendlingur .....             | 17 |
| Egill .....                  | 18 |
| Svanur .....                 | 25 |
| Friðþjófur .....             | 26 |
| Björg-Staðarskektan.....     | 27 |
| Venus .....                  | 28 |
| Bliki .....                  | 30 |
| Gylfi.....                   | 31 |
| Hallsteinsnessbáturinn ..... | 32 |
| Sindri.....                  | 33 |
| Tjaldur.....                 | 35 |
| Baldur .....                 | 36 |
| Súlan .....                  | 38 |
| Skiptið í Svefneyjum .....   | 39 |
| Höllustaðarbáturinn.....     | 41 |
| Laugalandsbáturinn.....      | 42 |
| Andvari.....                 | 43 |
| Kópur .....                  | 45 |
| Svala.....                   | 46 |
| Gylfi BA 18 .....            | 47 |
| Dísa .....                   | 48 |
| Pramminn .....               | 49 |
| Draupnir BA 40.....          | 52 |

|                                           |     |
|-------------------------------------------|-----|
| Farsæll BA 55 .....                       | 56  |
| Grímsi.....                               | 59  |
| Gola .....                                | 60  |
| Eva .....                                 | 61  |
| Sæbjörg BA 59.....                        | 62  |
| Vinfastur .....                           | 65  |
| Skip og skipasmiðir .....                 | 67  |
| Áhöld og tæki .....                       | 85  |
| Snittsett / Kassi .....                   | 86  |
| Eldsmíðaáhöld.....                        | 94  |
| Ýmis áhöld.....                           | 100 |
| Vélasafn .....                            | 114 |
| Bátavélasafn Þórhalls Matthíassonar ..... | 115 |
| Vélaskrá .....                            | 117 |
| Vélalisti .....                           | 129 |
| Ýmis fróðleikur um vélasafnið .....       | 131 |

# Formáli

Munaskrá þessi inniheldur upplýsingar um safngripi *Bátasafns Breiðafjarðar*.

Hún er tekin saman á árunum 2015 og 2016 af félagsmönnum Félags áhugamanna um bátasafn Breiðafjarðar á Reykhólum (FÁBBR) og með tilstyrk Fornminjasjóðs, sem veitti félaginu styrk árið 2015.

Ekki er um að ræða tæmandi skrá um muni safnsins. Lögð hefur verið áhersla á að skrá sem ítarlegastar upplýsingar um það sem lýtur að bátum og vélum. Reynt var að finna upplýsingar um sögu munanna og mynda þá og mæla.

Einnig var sótt í smiðju fræðimanna, einkum Lúðvíks Kristjánssonar og Bergsveins Skúlasonar, sem skrifað hafa um þá hluti sem um er fjallað. Birtir eru í þessari samantekt kaflar úr bókum þeirra.

Nú er hafin vinna á vegum Sambands íslenskra sjóminjasafna (SÍS) við skráningu fornbáta og -skipa á Íslandi. Með henni fæst meðal annars yfirlit þar sem fram kemur hvers virði einstakir bátar og skip eru fyrir heildina, atvinnusögu landsins og einstakra byggðarlaga. Munaskrá þessi mun verða innlegg í þá skráningu.

Enn er talsvert af gripum í eigu eða umsjá FÁBBR, sem ekki hafa verið flokkaðir og skráðir, svo sem þau áhöld sem enn eru geymd í Bátaskemmunni í Hvallátrum o.fl. Æskilegt væri að flokka þessa gripi sem fyrst, mynda þá og skrá.

Upplýsingar um vélarnar eru að miklu leyti fengnar frá Þórhalli Matthíassyni, sem gaf þær til safnsins.

Munaskráin mun koma að miklu gagni við sýningarstarfið og sem uppflettirit fyrir gesti safnsins.

**Kópavogi, janúar 2017.**  
**Sigurður Bergsveinsson**  
**Ritari stjórnar FÁBBR**

# Bátasafn Breiðafjarðar

Félag áhugamanna um Bátasafn Breiðafjarðar á Reykhólum (FÁBBR) var stofnað 31. ágúst 2006 og haldinn var framhaldsstofnfundur 11. júní 2008. Markmið félagsins er að *safna, skrá, varðveita og sýna* muni og minjar sem hafa gildi fyrir *sögu báta, bátasmíða og siglinga* við Breiðafjörð. Þá skal safnið stuðla að *nýsmíði súðbyrðinga*, veita þekkingu í því fagi eftir föngum, efla siglingakunnáttu og halda til haga vitneskju um *gamlar siglingaleiðir* á Breiðafirði. Þessum markmiðum skal ná með *sýningum* og fræðslu fyrir almenning í sérstakri samvinnu við skóla, með *námskeiðahaldi* og útgáfu *upplýsingaefnis*. Núverandi formaður er Hafliði Már Aðalsteinsson, skipasmíðameistari frá Hvallátrum í Breiðafirði.

### Forsagan

Aðalsteinn Eyjólfur Aðalsteinsson (1923-2014), skipasmiður í Hvallátrum, hafði lengi haft áhuga á að bátarnir hans yrðu varðveittir á safni og var tilbúinn að gefa þá þangað. Bátarnir sem hann vildi gefa á safn voru teinæringurinn Egill, sem var smíðaður 1904 af Ólafi Bergsveinssyni (1867-1939) afa Aðalsteins, sexæringurinn Björg sem smíðaður var upphaflega (óvíst hvenær en líklega um 1880) sem seglbátur af Bergsveini Ólafssyni (1839-1899), langafa Aðalsteins, og Súluna, sem er lítill vélbátur, smíðaður 1939 af Valdimar Ólafssyni (1906-1939), afabróður Aðalsteins, og var sveinstykki hans, en Valdimar dó 33 ára í maí 1939. Valdimar var einn afkastamesti skipasmiður þessara frænda og er talinn hafa smíðað yfir tuttugu báta á stuttri ævi, auk þess sem hann kenndi fjölda nema, þar á meðal þeim sem síðar stofnuðu Bátasmíðastöð Breiðfirðinga (Bátalón) í Hafnarfirði. Frændi Aðalsteins og nafni, Aðalsteinn Valdimarsson (1938-2013), sem búsettur var á Reykhólum, gerðist síðan, ásamt börnum Aðalsteins Aðalsteinssonar, helsti hvatamaður þess að FÁBBR var stofnað og var formaður þess fyrstu árin.



Aðalsteinn E. Aðalsteinsson við smíðar í Hvallátrum 1941 og 1959 (ljósm. Óskar Gíslason).

## Söfnunarstefna

Mótuð hefur verið söfnunarstefna félagsins. Safngripir FÁBBR eru orðnir margir. Má þar fyrst nefna margvísleg handverkfæri og tæki til báta- og málmsmíða. Eigendasaga þeirra nær frá Ólafi Teitssyni í Sviðnum (1810-1892) og allt til okkar daga.

## Sýningarhald

Skömmu eftir stofnun FÁBBR var gerður samningur við Reykhólahrepp um að félagið fengi afnot af “Gamla mjólkurbúinu á Reykhólum”, húsnæði sem er í eigu hreppsins. Haustið 2010 hófst samstarf FÁBBR, Reykhólahrepps og æðarræktarfélagsins *Æðarvéa*, sem rekið hafði Hlunnindasýninguna í sama húsi, um að sameina sýningarnar í eina. Sumarið 2011 var síðan opnuð ný sýning á grunni hinnar gömlu og fékk hún heitið *Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf.* Sýningin er gluggi að skemmtilegum heimi fugla, báta og náttúrunytja Breiðafjarðar. Meðal annars fá gestir að kynnast æðarfuglinum á sérstakan hátt og fræðast um gömlu súðbyrðingana með breiðfirska laginu. Á þessari lifandi sýningu er hægt að sjá stuttar og lengri heimildarmyndir um lífið í Breiðafjarðareyjum, sem teknar voru um miðbik síðustu aldar.



Húsnæði sýningarinnar að Maríutröð á Reykhólum.

## Skinnsaumur

Sumarið 2010 lauk Eggert Björnsson (1954-) við saum á skinnklæðnaði eins og sjómenn hafa notað um aldir. Hann er með öllu handsaumaður eftir gömlum fyrirtæmdum. Skinnklæðnaðurinn hefur verið á sýningu sem Alliance française setti upp í Reykjavík til að minnast franskra sjómanna við Íslandsstrendur. Einnig var hann á sömu sýningu þegar hún var sett upp í Saint-Brieuc og víðar á söfnum á Bretagne-skaga og í Normandí.




Eggert í skinnklæðunum og með Ólafi Ragnari Grímssyni forseta er hann heimsótti safnið 2013.



## Námskeiðahald

FÁBBR hefur í samvinnu við *lðu fræðslusetur* boðið upp á námskeið í smíði súðbyrðinga. Kennsluna annast Hafliði Már Aðalsteinsson (1949-) formaður FÁBBR og Eggert Björnsson (1954-) stjórnarmaður. Á námskeiðunum er notuð kennslubók sem þeir hafa útbúið og Eggert Björnsson myndskreytt. Haldin hafa verið 2-4 námskeið á ári og hafa þau notið vinsælda.



Kennslubók í smíði súðbyrðings.





Kennarar, nemendur og smíðisgripur.



## Kvikmyndagerð

Árið 2010 lauk fyrirtæki Ásdísar Thoroddsen, *Gjóra ehf.*, við fimm ára verkefni í samvinnu við FÁBBR. Verkefnið er tvíþætt: Annar þátturinn er útgáfa fjögurra klukkustunda efnis á tveimur mynddiskum þar sem fylgst er með og stöku sinnum útskýrð smíði á sexæringi, eftirgerð Staðarskektunnar Bjargar. Heitir verkið Björg - leiðarvísir í bátasmíði. Á aukahljóðrás á diskunum er heilmikill viðbótarfróðleikur. *Björg - leiðarvísir* í bátasmíði hefur selst bæði í söfn og á almennum markaði og hefur verið notuð á námskeiðum félagsins. Í janúar 2011 var sýnd í Bíó Paradís hinn þáttur verkefnisins, en það er heimildarmyndin *Súðbyrðingur - saga báts*. Þar er rakin saga bátasmíði á Norðurlöndum allt frá steinöld, en bátasmíði FÁBBR á Reykhólum er notuð sem rammi sögunnar. Kvikmyndin var sýnd í norska sjónvarpinu (NRK) sumarið 2011 og einnig í því færeyska (Kringvarp). Í lok árs 2012 kom kvikmyndin út á mynddiski og textuð á átta tungumál. Diskurinn hefur selst hér á söfn, í skóla og á almennum markaði. Hann er kominn í sölu í Vikingskibshallen í Hróarskeldu og í Nordkapp Museet í Norður-Noregi, og vonandi verður hann til sölu í fleiri safnbúðum erlendis.



## Lokaorð

Segja má að mikið líf hafi verið í starfsemi FÁBBR undanfarin ár. Í fyrstu var aðaláherslan lögð á að bjarga bátum og öðrum safngripum frá eyðileggingu, gangast fyrir Bátadögum og hvetja eigendur súðbyrtra trébáta til varðveislu þeirra, með námskeiðahaldi, kvikmyndagerð um vinnulag við smíði súðbyrðinga o.fl.

Síðan tók við að koma sýningarhaldinu í fastan farveg og var stórt skref stigið með stofnun Báta- og hlunnindasýningarinnar á Reykhólum ehf.

Nú er áherslan á að koma húsnæðismálum safnsins í betra horf með stækkun, þannig að hægt sé að koma teinæringnum Agli fyrir undir seglum.

Einnig að byggja upp frekara námskeiðahald og námsefni, viðgerðaraðstöðu og miðlun fróðleiks.

Mikil og óeigingjörn vinna hefur verið lögð í starfið af hendi félagsmanna og mikill metnaður er hjá stjórn félagsins að framhaldið verði ekki síðra.

# Bátar

# Yfirlit

| Smíðastaður               |         |                |                                              |           |      |
|---------------------------|---------|----------------|----------------------------------------------|-----------|------|
| Nafn                      | Ár      | Staður         | Smíður                                       | Æviár     | Bls. |
| 1 Björg (Harpa)           | 1870    | Bjarneyjar     | Bergsveinn Ólafsson                          | 1839-1899 | 15   |
| 3 Sendlingur              | 1884-87 | Sviðnur        | Ólafur Bergsveinsson                         | 1867-1939 | 17   |
| 4 Egill                   | 1904    | Hvallátur      | Ólafur Bergsveinsson                         | 1867-1939 | 18   |
| 2 Svanur                  | 1905    | Hvallátur      | Ólafur Bergsveinsson                         | 1867-1939 | 25   |
| 5 Friðbjófur              | 1910-15 | Óvíst          | Óvíst                                        |           | 26   |
| 6 Björg - Staðarskektan   | 1917    | Hvallátur      | Ólafur Bergsveinsson                         | 1867-1939 | 27   |
| 7 Venus                   | 1920    | Hvallátur      | Aðalsteinn Ólafsson                          | 1894-1923 | 28   |
| 8 Bliki                   | 1931    | Ytra-Skógarnes | Kristján Gíslason                            | 1897-1990 | 30   |
| 9 Gylfi                   | 1934    | Hvallátur      | Valdimar Ólafsson                            | 1906-1939 | 31   |
| 10 Hallsteinsnessbáturinn | 1934    | Hallsteinsnes  | Þorbergur Ólafsson (Bátalón)                 | 1915-2002 | 32   |
| 11 Sindri                 | 1936    | Hvallátur      | Valdimar Ólafsson                            | 1906-1939 | 33   |
| 12 Tjaldur                | 1937    | Hvallátur      | Valdimar Ólafsson                            | 1906-1939 | 35   |
| 13 Baldur                 | 1938    | Hvallátur      | Valdimar Ólafsson                            | 1906-1939 | 36   |
| 14 Súlan                  | 1938    | Hvallátur      | Valdimar Ólafsson                            | 1906-1939 | 38   |
| 15 Skipið(Svefneyjum)     | 1947    | Hvallátur      | Aðalsteinn E. Aðalsteinsson                  | 1923-2014 | 39   |
| 16 Höllustaðarbáturinn    | 1948    | Hafnarfjörður  | Bátasmiðastöð Breiðfirðinga (seinna Bátalón) |           | 41   |
| 17 Laugalandsbáturinn     | 1949    | Hafnarfjörður  | Bátasmiðastöð Breiðfirðinga (seinna Bátalón) |           | 42   |
| 18 Andvari                | 1950    | Flatøy         | Sigurjón Árnason                             | 1923-2010 | 43   |
| 19 Kópur                  | 1951    | Hvallátur      | Aðalsteinn E. Aðalsteinsson                  | 1923-2014 | 45   |
| 20 Svala                  | 1954    | Hvallátur      | Aðalsteinn E. Aðalsteinsson                  | 1923-2014 | 46   |
| 21 Gylfi BA 18            | 1957    | Patreksfjörður | Andrés Karlsson                              | 1901-1980 | 47   |
| 22 Dísa                   | 1957    | Hvallátur      | Aðalsteinn E. Aðalsteinsson                  | 1923-2014 | 48   |
| 23 Pramminn               | 1958    | Hvallátur      | Aðalsteinn E. Aðalsteinsson                  | 1923-2014 | 49   |
| 24 Draupnir               | 1960    | Hvallátur      | Aðalsteinn E. Aðalsteinsson                  | 1923-2014 | 52   |
| 25 Farsæll                | 1962    | Hvallátur      | Aðalsteinn E. Aðalsteinsson                  | 1923-2014 | 56   |
| 26 Grímsi                 | 1962    | Hvallátur      | Aðalsteinn E. Aðalsteinsson                  | 1923-2014 | 59   |
| 27 Gola                   | 1964    | Stykkishólmur  | Kristján Gíslason                            | 1897-1990 | 60   |
| 28 Eva                    | 1970    | Hvallátur      | Páll Aðalsteinsson                           | 1954-     | 61   |
| 29 Sæbjörg                | 1971    | Hafnarfjörður  | Bátalón hf.                                  |           | 62   |
| 30 Vinfastur              | 2006    | Reykholar      | Hafliði Aðalsteinsson (og félagsmenn FÁBBR)  | 1949-     | 65   |

| Fjöldi báta og smiðir |                                              |
|-----------------------|----------------------------------------------|
| 8                     | Aðalsteinn E. Aðalsteinsson                  |
| 5                     | Valdimar Ólafsson                            |
| 4                     | Ólafur Bergsveinsson                         |
| 2                     | Bátasmiðastöð Breiðfirðinga (seinna Bátalón) |
| 2                     | Kristján Gíslason                            |
| 1                     | Bergsveinn Ólafsson                          |
| 1                     | Aðalsteinn Ólafsson                          |
| 1                     | Andrés Karlsson                              |
| 1                     | Bátalón hf.                                  |
| 1                     | Hafliði Aðalsteinsson (og félagsmenn FÁBBR)  |
| 1                     | Óvíst                                        |
| 1                     | Páll Aðalsteinsson                           |
| 1                     | Sigurjón Árnason                             |
| 1                     | Þorbergur Ólafsson (Bátalón)                 |

30

| Fjöldi báta og smíðastaður |                |
|----------------------------|----------------|
| 18                         | Hvallátur      |
| 3                          | Hafnarfjörður  |
| 1                          | Bjarneyjar     |
| 1                          | Sviðnur        |
| 1                          | Óvíst          |
| 1                          | Ytra-Skógarnes |
| 1                          | Hallsteinsnes  |
| 1                          | Flatøy         |
| 1                          | Patreksfjörður |
| 1                          | Stykkishólmur  |
| 1                          | Reykholar      |

30

# Björg (Harpa)



| Smíðaður |            |                     |           | Mál  |     |      |     |
|----------|------------|---------------------|-----------|------|-----|------|-----|
| Ár       | Hvar       | Smiður              |           | L    | B   | D    | Brl |
| Um 1870  | Bjarneyjar | Bergsveinn Ólafsson | 1839-1899 | 7,85 | 2,2 | 0,97 | 2,0 |

Smíðaður í Bjarneyjum um 1870 af Bergsveini Ólafssyni (1839-1999). Bergsveinn, sem var sonur Ólafs Teitssonar í Sviðnum, var afkastamikill bátasmiður og er talinn hafa smíðað bát á ári öll sín búskaparár í Bjarneyjum 1869-1899 og stundum marga, eða alls á milli 30 og 40 báta, auk þess sem hann gerði við fjölda báta.

Björg er smíðuð úr furu fyrir Magnús Magnússon (1854-1933) „vert“ í Flatey og er um 2,0 brl. að stærð. Upphaflega hét báturinn Harpa og var seglskip og notaði Magnús bátinn aðallega til flutninga. Árið 1934 eignast Valdimar Ólafsson (1906-1939) bátinn, breytir honum í vélbát og lætur hann heita Björg. Síðan var báturinn í Hvallátrum og notaður til flutninga og ferðalaga þar til búsetu þar lauk árið 1991. Báturinn var í Hvallátrum í eigu Aðalsteins til ársins 2007, en þá var báturinn tekinn til viðgerða og synir Aðalsteins, Hafliði og Jón, gerðu töluvert við hann (afturstefni o.fl.). Í dag er hann heill og í ágætu standi, en þarfnast viðgerðar á framstefni o.fl.

Fyrsta vélin sem sett var í bátinn var 7 ha Skandia vél en 1948 var sett í hann 10 ha Skandia, 1961 10 ha Kelvin vél og 18 ha Sabb vél árið 1987. Kelvin vélin frá 1961 var síðan gerð upp og sett aftur í bátinn 1997-98.

Báturinn er í eigu afkomenda Aðalsteins.



*Björg og Kári búin undir flutning á Hanomag-dráttarvél úr Skáleyjum í Flatey árið 1967, þegar Jóhannes Geir Gíslason var að byrja þar búskap.*

Mynd úr Eylendu.



Björg til vinstri og Ólafur (úr Hvallátrum) við Brattastraum við Gvendareyjar á Bátadögum 2012.

# Sendlingur



| Smíðaður |         |                      |           | Mál  |      |      |     |
|----------|---------|----------------------|-----------|------|------|------|-----|
| Ár       | Hvar    | Smiður               |           | L    | B    | D    | Brl |
| 1884-87  | Sviðnur | Ólafur Bergsveinsson | 1867-1939 | 5,73 | 1,55 | 0,60 |     |

Smíðaður í Sviðnum af Ólafi Bergsveinssyni (1867-1939) síðar bónda og skipasmið í Hvallátrum.

Sendlingur er fjögurra manna far, smíðaður úr furu. Talið er að Ólafur hafi verið á unglingsárum, um 1884-87, er hann smíðaði Sendling og vitað er að 1894 kom hann siglandi úr Skáleyjum með konu sína barnshafandi og kistil með föggum þeirra í Hvallátur þar sem hann var að taka við búi, og þar bjuggu þau myndarbúi og voru sveitarhöfðingjar.

Sendlingur var smíðaður upp árið 2005 af Aðalsteini E. Aðalsteinssyni (1923-2014), sonarsyni Ólafs Bergsveinssonar, og Hafliða Aðalsteinssyni (1949-) syni hans og er í góðu ásigkomulagi.

Sendlingur var alla tíð notaður sem hlunnindabátur í Hvallátrum og er í dag í eigu afkomenda Aðalsteins.

# Egill



| Smíðaður |           |                      |           | Mál  |     |      |     |
|----------|-----------|----------------------|-----------|------|-----|------|-----|
| Ár       | Hvar      | Smiður               |           | L    | B   | D    | Brl |
| 1904     | Hvallátur | Ólafur Bergsveinsson | 1867-1939 | 11,0 | 3,0 | 1,05 |     |

Smíðaður í Hvallátrum af Ólafi Bergsveinssyni (1867-1939) bónda og skipasmið í Hvallátrum.

Egill var notaður sem flutningabátur í Hvallátrum allt til ársins 1940 en þá var gengið frá honum í nausti og þar hvíldi hann til ársins 1974 að Aðalsteinn Eyjólfur Aðalsteinsson (1923-2014), sonarsonur Ólafs, hóf að lagfæra bátinn.

Hlé varð á viðgerðinni eftir að Aðalsteinn fluttist úr Hvallátrum en við starfslok hans um árið 1990 tók hann til við að vinna að viðgerðinni á sumrum og lauk henni um 2000.

Egill er því í góðu lagi og bíður þess að komast í betra sýningarrými.

Egill er í eigu afkomenda Aðalsteins.



Egill í Bátaskemmunni í Hvallátrum 2010.

*Þessi fróðleikur um Egil í Hvallátrum er fenginn að láni úr bókinni Íslenzkir sjávarhættir II eftir Lúðvík Kristjánsson (1911-2000) fræðimann.*

## **Egill í Hvallátrum**

Flutningaskipið Egil, sem er teinæringur að stærð, smíðaði Ólafur Bergsveinsson fyrir Hvallátrabúið 1904. Þótt lítið væri um trjáreka í Breiðafirði, bar stundum þangað fallega spýtu. Úr einu rekatré í Látrum var hægt að fá efni í kjöl, stefni og bönd Egils og enn fremur sömu viði í lítinn bát. Byrðingur Egils er allur úr aðkeyptum *furuvalborðum* [ókantskorin borð], og enn fremur er reksaumur erlendur, en *bandasaumur* [langur hnoðsaumur] allur heimasmiði. Ólafur byrjaði að smíða þetta stóra skip á einmánuði [seinnipartinn í marsmánuði] og hafði lokið því svo snemma, að hægt væri að nota það við heyflutninga í ágústmánuði. Hann hafði þó samtímis orðið að stjórna stóru búi.

Oft var vetrarfóðrað fé í Hvallátrum 250-300, flutt upp í Djúpafjörð á vorin, rösklega 16 sjómílna leið, er gat tekið 6 klst. ef hann fór að blása af austri. Af fjalli komu um 500, er flytja þurfti heim. Voru það miklir flutningar í misjöfnum haustveðrum, þótt féð væri þá rekið út til nesja til þess að styttja sjóleiðina. Hægt var að flytja í einu 110 fjár [í Agli].

Mór var sóttur á Agli í Frakkanes á Skarðsströnd, en aldrei farin nema ein ferð á ári og þá að haustinu. Í utanáttinni lá vel við að fara í Frakkanes, því að þá var byr báðar leiðir. Mórinn var allur í hnausum, því að þannig rúmaðist hann best í skipinu og molnaði minnst. Skógviður var fluttur úr Teigsskógi, sem er á milli Hallsteinsness og Grafar.

Í Hvallátrum komu heim á hverju sumri úr úteyjum um 2000 heysátur. Eyjahey, sem er mjög þungt í sér, var oftast flutt heim hálfpurrt, og af þeim sökum og löngum burði til skips varð að hafa sáturnar litlar. Þeim var raðað niður í skipið jafnhátt borðstokkum, og enn fremur var stakkað þannig upp til endanna í góðu veðri, að þar urðu 2-3 lög af sátum að framan og 2 að aftan, er stóðu töluvert út fyrir borðstokk og bundnar saman með sérstökum hætti. Egill var ekki valtur, hvernig sem hlaupið var eftir heystálinu. Vanalega voru skilin eftir 2-3 auð rúm, en það fór eftir veðri og hversu mikið þurfti að róa. Af þurru *eyjabandi* var hægt að flytja 100 sátur í einu.

Á því bar í fyrstu, að Egill reyndist of grunnur og gat þá verið varasamur hlaðinn í vondu veðri. Það varð til þess, að Ólafur hækkaði hann um eitt borð nokkrum árum síðar og þótti hann mun stöðugri hlaðinn eftir það. Þá var við frágang umgjörðar hans felld flatt borð ofan á borðstokkinn, undir hástokk — *saxborð*.

Mun það ekki hafa verið gert fyrr, og ekki er vitað til, að Ólafur hafi gengið þannig frá öðrum skipum, sem hann smíðaði, en hins vegar hafði Valdimar sonur hans það á sínum bátum, og það gerðu fleiri skipasmiðir í Vestureyjum.

Árið 1926 eignaðist Hvallátrabóndi vélbát og eftir það var Egill dreginn í flutningum. Gripið var þó til seglbúnaðar hans, þegar vel hentaði, en undir það seinasta einungis stórsegls og fokku. Um 1940 var hætt að nota Egil og var þá gengið frá honum á hvolftrjám í nausti, og lá þar í rösk 30 ár, unz fluttur var í hús til viðgerðar. Henni er ekki lokið en fyrirhugað er, að Egill verði varðveittur sem fulltrúi hinna stóru flutningaskipa með breiðfirzku lagi.

Egill er stokkbyrtur í botninn — kjalsíða og fráskotsborð rísa mikið — en úr því má hann heita skábyrtur. Hann er veikbyggður miðað við stærð, bönd eru t. d. grönn, og af því leiðir, að skipið er léttbyggt, en upp úr því var mikið lagt, þar sem oft þurfti að fara um grunna voga í heyflutningum. Undirlot eru mikil að framan sem aftan og stefni bogmynduð. Egill kemur verulega út um miðju, þunnur að neðan og grunnskreiður, léttur undir árum tómur, en hlaðinn nokkuð þungur, mikið burðarskip, viðtök góð, þolir mikinn vind og því afbragðs siglari.

Mesta lengd Egils er 11.00 m, breidd 3.00 m og dýpt 1.05 m. Hann er því álíka stór og hinir stærstu teinæringar voru fyrrum og engu minni en stærsti tólfæringurinn, sem mældur var um seinustu aldamót. Kjölur er 6.20 m langur, 18 sm hár og 5 sm þykkur og undir honum flatjárn — *drag* — 4 sm breitt og 0.5 sm þykkt. Stefni eru 18 sm breið og 3 sm þykk, í tvennu lagi, yfirstefni og undirstefni, og þau skeytt eins og sjá má á [teikningu]. Hæð að framan frá kjöllínu og efst á framstefni er 1.76 m, en að aftan 1.64 m.

Umför eru 16 auk kjalsíðu, og er skipið því mjóbyrt, einkum í botninn og upp á miðsíðu. Þykkt byrðings er 1.8 sm og skörun 2 sm. Milli banda eru ýmist tveir eða þrír naglar.

Borðstokkur er 6 sm hár og 3 sm þykkur. Ofan á honum, rimarborði og kempu er saxborð, 12 sm breitt og 2 sm þykkt. Þar á ofan kemur hástokkur, 7 sm breiður og 6 sm hár. Frá enda hans að framan í stefni er 1.25 m, en að aftan 1.50 m.

Bönd eru 26 auk kjalbanda — botnbanda — sem eru 4 eða eitt í hverju rúmi. Í barka eru 6 bönd og 7 í skut og eru á milli þeirra flestra 35 til rösklega 40 sm, en á milli rúmbanda um 25 sm. Böndin eru 7 sm há og 5 sm þykk. Þau eru í þrennu lagi. Í barka og skut eru holrengur, en í miðjunni er áfellan felld undir borðstokk. Í rúmum ganga böndin niður á kjalsíðu. Kjalbönd eru 94 sm löng og ná upp á 5. umfar frá kjöl. Þau eru 10 sm há, 5 sm þykk og í þeim einn sver nagli niður í kjöl

og 2 eða 3 hvorum megin. Langband er 4.60 m langt, 8 sm hátt og 3 sm þykkt og gengur inn í næsta band fyrir framan andófsþóftu og næsta band fyrir aftan bitaþóftu.


Hnýfilkrappi að framan er 20 sm í kverk og 48 sm í eyra, að aftan 18 sm í kverk og 60 sm í eyra.

Þóftur eru 5 og hver þeirra að öllu leyti tvöföld nema sú 3. að framan, þar vantar á neðri þóftuna á báðum endum. Þóftustykkjunum er fest saman með fimm hnoðnögglum hvorum megin. Þóftubreidd er 18 sm og þykktin 5 sm. Frá stefni að fremstu þóftu er 3.10 m, en að öftustu þóftu 3.68 m. Þóftubil er 74-77 sm. Kollharður, festur með 4 nöglum, er 40 sm langur, 15 sm hár og 5 sm þykkur og kollharðsauga 3 sm í þvermál á öllum nema þeim á miðskipsþóftu. Snælda er 4.5 sm breið neðst, 7 sm efst og 3.5 sm þykk. Kempa er 6.5 x 3 sm. Fremri stelling hefur náð frá *andófsþóftubandi* aftur á næsta botnband. En að aftan hefur verið stelling frá bitaþóftubandi aftur á tvö næstu skutböndin. *Stórmastrið* stóð aftan við andófsþóftu. Úr því voru tvær höfuðbendur á hvort borð og ennfremur forstagur. Þegar þetta mastur var felld, náði það fet aftur fyrir skuthnýfilinn. Aftursigla var aftan við bitaþóftu og úr henni ein höfuðbenda í hvort borð. Þótt Egill sé teinæringur voru aldrei á honum fleiri en 4 ræði á borði, allt tollur 12 sm háar og milli þeirra 13.5 sm. Þrælka er 26 sm löng og 4 sm breið. Bil milli ræða er 75 sm.

Ofan á borðstokk sitt hvorum megin í skut er slitjárn 33 sm frá stefni, 56 sm langt og 2.5 sm breitt. Hak (stoppari) er á járninu 2.5 sm hátt og 2.5 sm frá enda. Járn þessi voru til þess að verja borðstokkinn sliti, þegar lagt var aftur af skipinu.

Þrír láréttir klampar eru hvorum megin í barka festir við borðstokk. Sá aftasti rétt fyrir framan andófsþóftu, en hinir í bandabilum þar fyrir framan. Jafnmargir eru á sömu stöðum í skut. Klampar þessir eru 20-24 sm langir, 4 sm þykkir um miðju og 6.5 sm háir. Gat er á hverjum klampa 6 sm langt og 2 sm vítt. Þegar fluttur var mór og sauðfé var hækkað um eitt borð í barka og skut, en á þeim voru álmur, sem gengu til festingar gegnum klampagötin. Nokkrir krappar eru festir við borðstokk báðum megin, og eru þeir 20 sm háir og 5 sm breiðir. Á þá voru festir falir.

**Heimild: Lúðvík Kristjánsson, Íslenzkir sjávarhættir II, 1982, bls. 312-317.**



Hvallátur 1909, Egill með öll segl uppi. Ljós. Haraldur Lárusson Blöndal.



Aðalsteinn Aðalsteinsson vinnur (um 1995) að viðgerð á Agli í Bátaskemmunni í Hvallátrum.

# Svanur



Báturinn Svanur er 100 ára gamall og var notaður í frægri bíómynd. Nánar verður sagt frá honum í þættinum "Um land allt".  
STÖÐ 2/BALDUR HRAFNKELL JÓNSSON.

| Smíðaður |           |                      |           | Mál |     |      |     |
|----------|-----------|----------------------|-----------|-----|-----|------|-----|
| Ár       | Hvar      | Smíður               |           | L   | B   | D    | Brl |
| 1905     | Hvallátur | Ólafur Bergsveinsson | 1867-1939 | 5,7 | 1,5 | 0,60 |     |

Smíðaður um 1905 fyrir Sæmund Guðmundsson (1883-1958) bóndi á Svínanesi og Kvígindisfirði.

Báturinn var notaður til hlunninda og aðdrættar fyrir heimilin. Fór m.a. margar verlsunarferðir til Flateyjar.

Báturinn er mjög líkur Sendlingi og svipað stór.

Báturinn er upprunalegur og í góðu ástandi.

Svanur er í eigu Sæmundar Guðmundssonar (1926-), bróðursonar Sæmundar.

# Friðþjófur



| Smíðaður  |      |        |  | Mál   |        |      |     |
|-----------|------|--------|--|-------|--------|------|-----|
| Ár        | Hvar | Smiður |  | Lengd | Breidd | Dýpt | Brl |
| 1910-15 ? |      |        |  | 8,4   | 2,32   | 0,85 |     |

Friðþjófur mun hafa verið keyptur að Reykhólum rétt fyrir 1930. Kaupandinn var nýstofnað sláturfélag sem hafði byggt sláturhús niðri við Reykhólasjó og var báturinn notaður til þess að flytja afurðir að skipshlið, auk annarra verkefna við uppskipun og flutninga af ýmsu tagi. Tómas Sigurgeirsson (1902-1987) bóndi á Reykhólum fékk bátinn um 1940 og hafði hann til flutninga á heyi, sauðfé og hrossum.

Friðþjófur fór í sína síðustu sjóferð 22. ágúst 1952 og var það heyflutningur. Eftir það var hann dreginn á land í Miðhúsum og lá þar á hvolfi til haustsins 2001 þegar Þjóðminjasafnið tók við honum til eignar og endurbóta. Viðgerðin fór fram í Bolungarvík og var hún í höndum Ragnars Inga Jakobssonar (1931-2015) frá Reykjarfirði á Ströndum. Henni lauk vorið 2003.

Um haustið var báturinn fluttur aftur að Reykhólum og hefur verið varðveittur á Bátasafninu síðan.

Talið var að Ólafur Bergsveinsson (1867-1939) í skipasmiður í Hvallátrum hefði smíðað Friðþjóf. Sonarsonur Ólafs, Aðalsteinn Valdimarsson (1938-2013), fyrsti formaður FÁBBR, hefur bent á nokkur atriði sem benda til þess að Ólafur hafi ekki smíðað Friðþjóf.

Þjóðminjasafnið er með málið í skoðun.

Þjóðminjasafn Íslands er eigandi bátsins.

# Björg-Staðarskektan



| Smíðaður |           |                         |           | Mál   |        |      |     |
|----------|-----------|-------------------------|-----------|-------|--------|------|-----|
| Ár       | Hvar      | Smíður                  |           | Lengd | Breidd | Dýpt | Brl |
| 1917     | Hvallátur | Ólafur A. Bergsveinsson | 1867-1939 | 6,0   | 1,68   | 0,69 |     |

Björg mun vera smíðuð í Hvallátrum veturinn 1916-17 af þeim feðgum Ólafi Aðalsteini Bergsveinssyni (1867-1939) og Gísla Ólafssyni (1899-1925). Þá var Gísli 17 ára og var skektan smíðuð gagnert fyrir hann. Hún mun bera nafn ömmu Ólafs, Bjargar Eyjólfsdóttur (1815-1899) í Sviðnum, Einarssonar (1784-1865) „Eyjarls“ í Svefneyjum.

Sumarið eftir fór Gísli á skektunni upp að Stað á Reykjanesi og gerðist vinnumaður og síðar ráðsmaður hjá Jóni Þorvaldssyni (1876-1938) prófasti. Þau urðu afdrif Gísla, að hann fórst á skektunni síðla hausts árið 1925. Hann lagði af stað með pósti yfir á Grónes handan Þorskafjarðar en bátinn rak mannlausan upp í lendinguna á Stað nóttina eftir eða mjög skömmu síðar.

Staðarskektan var alla tíð á Stað. Aðalsteinn Valdimarsson (1938-2013) lagfærði bátinn eftir skemmdir veturinn 1963-64. Báturinn var síðan í notkun fram undir 1970. Síðan lá hún á hvolfi þangað til sumarið 2005 að hún kom á Bátasafnið.

Báturinn er heill en lélegur. Báturinn er eign Staðarbænda.

Vinfastur, sem félagar í FÁBBR smíðuðu 2006, er eftirgerð af Björg.

# Venus



Venus 2014



Venus í Arnarbæli

| Smíðaður |           |                     |           | Mál   |        |      |     |
|----------|-----------|---------------------|-----------|-------|--------|------|-----|
| Ár       | Hvar      | Smíður              |           | Lengd | Breidd | Dýpt | Brl |
| 1920     | Hvallátur | Aðalsteinn Ólafsson | 1894-1923 | 5,20  | 1,65   | 0,66 |     |

Smíðaður úr furu af Aðalsteini Ólafssyni (1894-1923) í Hvallátrum á Breiðafirði.

Aðalsteinn fórst ásamt Magnúsi Níelssyni (1903-1923) fóstbróður sínum þegar þeir voru í fiskiróðri á Venusi og ofsaveður brast á. Báturinn fannst ásamt líki Magnúsar.

Báturinn var síðar breytt í vélbát. Ekki er vitað hver breytti honum né hvenær.


Sveinbjörn Pétursson (1890-1990) í Skáleyjum (Svefneyjum, Flatey o.v.) eignaðist bátinn og notaði hann við veiðiskap og hlunnindanyttjar.

Næsti eigandi var Tryggvi Gunnarsson í Arnarbæli á Fellsströnd. Var báturinn notaður þar við hlunnindanyttjar og flutninga.

Báturinn var um tíma á Ballará og kom þaðan á safnið.

Ástand bátsins er lélegt.

Eigandi bátsins er FÁBBR.



*Bjössi og Venus. „Venus“ var þá löngum karlkynsnafn: hann Venus.*

Sveinbjörn Pétursson (1890-1990) við bát sinn Venus í Norðurvörinni í Skáleyjum.  
Myndin er úr bók Jóhannesar Gíslasonar í Skáleyjum – Gróa.

# Bliki

Vantar mynd

| Smíðaður |                |                   |           | Mál   |        |      |      |
|----------|----------------|-------------------|-----------|-------|--------|------|------|
| Ár       | Hvar           | Smíður            |           | Lengd | Breidd | Dýpt | Brl  |
| 1931     | Ytra-Skógarnes | Kristján Gíslason | 1897-1990 | 5,98  | 1,86   | 0,78 | 2,27 |

Smíðaður árið 1931 í Ytra-Skógarnesi á Snæfellsnesi af Kristjáni Gíslasyni (1897-1990) en hann var dóttursonur Ólafs Teitssonar í Sviðnum og því voru þeir Ólafur Bergsveinsson í Hvallátrum systkinasynir.

Bliki var á Arnarstapa 1932-1940 og síðan í Ólafsvík og fer þaðan að Þingvöllum í Helgafellssveit, en árið 1986 að Skálanesi í Gufudalssveit.

Heill en lélegur. Vélin, Yanmar, er gangfær.

Báturinn er í eigu FÁBBR.

# Gylfi



| Smíðaður |           |                   |           | Mál   |        |      |     |
|----------|-----------|-------------------|-----------|-------|--------|------|-----|
| Ár       | Hvar      | Smiður            |           | Lengd | Breidd | Dýpt | Brl |
| 1933-34  | Hvallátur | Valdimar Ólafsson | 1906-1939 | 6,0   |        |      |     |

Bátinn smíðaði Valdimar Ólafsson skipasmiður (1906-1939) í Hvallátrum árið 1933-34 fyrir Gísla Gíslason (1910-2001) á Siglunesi og síðar Fit og Hreggstöðum á Barðaströnd, og var Gísli með Valdimar við smíðina.

Gísli réri á Gylfa vor og haust frá Siglunesi og þótti gætinn og glöggur formaður. Bræður Gísla, þeir Marteinn og Gestur, réru með honum á Gylfa. Seinna áttu þeir bræður bátinn.

Báturinn fauk og skemmdist og var smíðaður upp á Skjaldvararfossi af Snæbirni Gunnari Guðmundssyni bónda og smið (1924-2003).

Fór þaðan aftur að Siglunesi til Guðmundar Sigurvins Gíslasonar (1919-1993) bróður Gísla Gíslasonar.

Svo fór hann í Feigsdal í Bakkadal við Arnarfjörð, til Guðbjarts Inga Bjarnasonar (1949-2006) sem notaði bátinn m.a. við grásleppuveiðar.

FÁBBR fær bátinn til eignar 2010.

# Hallsteinsnessbáturinn



| Smíðaður |               |                    |           | Mál   |        |      |     |
|----------|---------------|--------------------|-----------|-------|--------|------|-----|
| Ár       | Hvar          | Smíður             |           | Lengd | Breidd | Dýpt | Brl |
| 1934     | Hallsteinsnes | Þorbergur Ólafsson | 1915-2002 | 4,93  | 1,44   | 0,62 |     |

Smíðaður úr furu 1934 á Hallsteinsnesi við Þorskafjörð af Þorbergi Ólafssyni (1923-2010), síðar stofnanda og framkvæmdastjóra Bátasmíðastöðvar Breiðfirðinga (Bátalóns) í Hafnarfirði. Þorbergur lærði skipasmíðar hjá Valdimar Ólafssyni (1906-1939) í Hvallátrum.

Báturinn var heimilisbátur á Hallsteinsnesi og notaður við selveiðar, eggja- og dúntekju, svo og flutninga, m.a. í tengslum við flóabátinn Konráð.

Um 1960 var báturinn fluttur til Hafnarfjarðar og notaður við hrognkelsaveiðar um skeið af Ólafi bróður Þorbergs. Þá var sett í hann vél sem síðar var tekin úr bátnum. Hann var alla tíð í eigu sömu fjölskyldunnar sem gaf Sjóminjasafni Íslands í Hafnarfirði bátinn 1986. Þegar safninu í Hafnarfirði var lokað 2003 (sameinað Þjóðminjasafni Íslands) var FÁBBR falin umsjón bátsins. Þjóðminjasafn Íslands er eigandi bátsins.

Þess má geta að efniviðurinn í bönd, stafnlok og kollharða var tré sem rak á land á Grenitrésnesi við Þorskafjörð, þar sem Ása-Þór sendi Hallsteini landnámsmanni tré til öndvegissúlna (Landnáma).

# Sindri



| Smíðaður |           |                   |           | Mál   |        |      |     |
|----------|-----------|-------------------|-----------|-------|--------|------|-----|
| Ár       | Hvar      | Smiður            |           | Lengd | Breidd | Dýpt | Brl |
| 1936     | Hvallátur | Valdimar Ólafsson | 1906-1939 | 7,05  | 1,96   | 0,86 | 2,5 |

Sindri var smíðaður árið 1936 af Valdimar Ólafssyni (1906-1939) í Hvallátrum fyrir Jón Þórðarson (1911-1995) og Snæbjörn Jónsson (1909-1982) á Stað á Reykjanesi. Á þessum tíma var tvíbýli á Stað en síðar (1949) byggði Jón nýbýlið Árbæ.

Sindri er smíðaður úr eik og furu og skráður 2,5 brl. Var upphaflega með 5 ha Skandia vél. Árið 1946 var sett í bátinn 8 ha Skandia vél en 1983 8 ha Sabb vél og 1995 10 ha Sabb vél sem er í bátnum í dag.

Sindri var notaður af Staðar- og Árbæjarbændum í áratugi við hlunnindanyttjar og flutninga á vörum og fólki.

Árið 1962 keypti Guðmundur Theódórsson á Laugalandi við Þorskafjörð bátinn og notaði hann við hlunnindanyttjar o.fl. Árið 1990 gerði Guðmundur bátinn upp og hefur síðan haldið honum mjög vel við.

Á Bátadögum 2015 sigldi Guðmundur ásamt gestum á Sindra í hópi báta í blíðu veðri.

Að því loknu afhenti Guðmundur FÁBBR Sindra til eignar og varðveislu.

Sindri hefur verið geymdur í uppsátri á Vesturnesi við höfnina á Stað.



Sindri á Bátadögum 2015.

# Tjaldur



| Smíðaður |           |                   |           | Mál   |        |      |     |
|----------|-----------|-------------------|-----------|-------|--------|------|-----|
| Ár       | Hvar      | Smiður            |           | Lengd | Breidd | Dýpt | Brl |
| 1937     | Hvallátur | Valdimar Ólafsson | 1906-1939 | 5,57  | 1,64   | 0,80 |     |

Tjaldur var smíðaður fyrir Óskar Níelsson (1895-1985) bónda í Svefneyjum (1924-1939).

Úr Svefneyjum fór báturinn til Óskars í Firði, svo að Kvíngindisfirði og þaðan í Hafnarfjörð.

Garðar Andr sson (1935-2001) skipasmi ur fr  Hamri   M lanesi ger i vi  b tinn.

Var talinn me  fegurstu b tum vi  Brei afj r    sinni t  .

 stand b tsins er l legt.

B turinn er   eigu F BBR.

# Baldur



| Smíðaður |           |                   |           | Mál   |        |      |      |
|----------|-----------|-------------------|-----------|-------|--------|------|------|
| Ár       | Hvar      | Smiður            |           | Lengd | Breidd | Dýpt | Brl  |
| 1938     | Hvallátur | Valdimar Ólafsson | 1906-1939 | 6,0   | 1,83   | 0,63 | 2,25 |


Smíðaður í Hvallátrum árið 1938 af Valdimari Ólafssyni skipasmiði (1906-1939) fyrir Þórð Benjamínsson (1896-1985) í Hergilsey. Þórður seldi bátinn 1971 Daníel Jónssyni (1934-2013), Dröngum á Skógarströnd.

Valdimar Jónsson bróðir Daníels fékk bátinn um 2000 og hann gaf FÁBBR bátinn 2008.

Upphaflega var sett í bátinn 2 cyl. Albin vél. Árið 1947 var sett í hann 14 ha Albin vél. 1973 var sett í bátinn 10 ha 1 cyl. Sabb vél, en hún var endurnýjuð með samskonar vél (notaðri) 2014.

Baldur var í mjög slæmu ástandi þegar FÁBBR eignaðist hann. Ákveðið var að endurgera bátinn í upphaflegri mynd vegna sögu hans og gerðar, en hann er smíðaður frá upphafi sem vélbátur og er því gott dæmi um þá þróun/breytingu sem varð á breiðfirska bátalaginu þegar vélarnar tóku við af seglum og árum.

Viðgerðin var mjög viðamikil, skipt var um megnið af byrðingi, mörg bönd og afturstefni. Vélin var gerð upp og skrufubúnaður yfirfarinn. Báturinn síðan allur málaður. Vel tókst til og segja má að báturinn sé sem nýr. Hafliði Aðalsteinsson (1949-) annaðist viðgerðina.



Hafliði vinnur að endursmíði Baldurs.



Baldur nýmálaður árið 2012 tilbúinn til siglinga á Bátadögum.

# Súlan



| Smíðaður |           |                   |           | Mál   |        |      |     |
|----------|-----------|-------------------|-----------|-------|--------|------|-----|
| Ár       | Hvar      | Smíður            |           | Lengd | Breidd | Dýpt | Brl |
| 1937-38  | Hvallátur | Valdimar Ólafsson | 1906-1939 |       |        |      |     |

Súlan var smíðuð í Hvallátrum af Valdemar Ólafssyni (1908-1939) fyrir Kristján og Friðþjóf Sigurðssyni á Auðshaugi á Barðaströnd.

Þeir bræður áttu bátinn alla tíð og nýttu sem hlunninda- og fiskibát.

Súlan var einn af síðustu bátum sem Valdimar smíðaði. Hún var sveinsstykki hans, og það var dæmt í Stykkishómi 25.3.1939 og sveinsbréfið gefið út 7.5.1939, en Valdimar lést þann 28.5.1939 einungis þremur vikum seinna.

Báturinn var gefinn Aðalsteini E. Aðalsteinssyni sem gerði við hann.

Báturinn er upprunalegur og í góðu ástandi.

1956 var sett í bátinn 5 ha Sleipnir vél. Þessi vél er til á safninu í Garði og er gangfær.

Súlan er í dag í eigu afkomenda Aðalsteins.

# Skipið í Svefneyjum



| Smíðaður |            |                             |           | Mál   |        |      |     |
|----------|------------|-----------------------------|-----------|-------|--------|------|-----|
| Ár       | Hvar       | Smíður                      |           | Lengd | Breidd | Dýpt | Brl |
| 1947     | Hvallátrum | Aðalsteinn E. Aðalsteinsson | 1923-2014 | 9,2   | 2,7    | 1,04 |     |

Báturinn er smíðaður úr furu árið 1947 af Aðalsteini Eyjólfí Aðalsteinssyni (1923-2014) skipasmið í Hvallátrum á Breiðafirði.

Báturinn var smíðaður sem uppskipunarbátur fyrir Kaupfélag Króksfjarðarness en síðan fer báturinn til Kaupfélags Saurbæinga í Salthólmavík og er notaður þar sem uppskipunarbátur.

Árið 1957 kaupir Jens Nikulásson (1899-1973) í Svefneyjum bátinn og var hann notaður í Svefneyjum við ýmsa flutninga og nefndur „Skipið“. En 1981 kaupir Kristinn Breiðfjörð Gíslason í Stykkishólmi bátinn, en þá var fjölskyldan í Svefneyjum flutt til Svíþjóðar. Kristinn notaði bátinn sem fjárskip.

Um 1990 kaupir Hafsteinn Guðmundsson (1935-) í Flatey bátinn og notaði hann sem fjárskip eitt haust en lagði honum síðan og geymdi hann í frystihúsinu í Flatey til 2010 að hann gaf FÁBBR bátinn.

Báturinn er hafður til sýnis úti við á sumrin en geymdur inni á vetrum. Hann er gott sýnishorn af því hvernig þessir bátar voru smíðaðir. Báturinn var alla tíð vélarlaus.

Ástand bátsins er sæmilegt og hann er algjörlega upprunalegur.



Andvari dregur Skipið. Hjallasundið í Svefneyjum.



Kristinn á Gusti dregur Skipið með fé við Stykkishólm 1984. Ljós. Andrés Kristjánsson Stykkishólmi.

# Höllustaðarbáturinn

Vantar mynd

| Smíðaður |               |                             |  | Mál   |        |      |     |
|----------|---------------|-----------------------------|--|-------|--------|------|-----|
| Ár       | Hvar          | Smiður                      |  | Lengd | Breidd | Dýpt | Brl |
| 1948     | Hafnarfjörður | Bátasmíðastöð Breiðfirðinga |  | 5,02  | 1,47   | 0,53 |     |

Smíðaður í Bátasmíðastöð Breiðfirðinga (sem seinna varð Bátalón).

Báturinn er skekta og var lengi notaður á Þingvallavatni og síðan við hlunnindanyttjar að Höllustöðum í Reykhólasveit.

Báturinn er í eigu FÁBBR.

# Laugalandsbáturinn

Vantar mynd

| Smíðaður |               |                             |  | Mál   |        |      |     |
|----------|---------------|-----------------------------|--|-------|--------|------|-----|
| Ár       | Hvar          | Smiður                      |  | Lengd | Breidd | Dýpt | Brl |
| 1949     | Hafnarfjörður | Bátasmíðastöð Breiðfirðinga |  | 5,45  | 1,68   | 0,63 |     |

Smíðaður í Bátasmíðastöð Breiðfirðinga (sem seinna varð Bátalón) fyrir Aðalstein Arason (1899-1952) bónda í Barmi í Gufudalssveit, sennilega 1949. Aðalsteinn mun aðeins hafa átt bátinn í tvö ár eða þar um bil en þá var hann seldur að Laugalandi við Þorskafjörð og var þar síðan.

Frá upphafi var Penta vél í Laugalandsbátnum. Hún er núna í gangfæru standi á vélasafninu í Garði á Reykjanesi.

Einn af fimm bátum með bogið/lotað framstefni sem Bátasmíðastöð Breiðfirðinga smíðaði.

Heill en lélegur. Upphaflegt útlit.

Báturinn er í eigu FÁBBR.

# Andvari



| Smíðaður |        |                  |           | Mál   |        |      |      |
|----------|--------|------------------|-----------|-------|--------|------|------|
| Ár       | Hvar   | Smiður           |           | Lengd | Breidd | Dýpt | Brl  |
| 1950     | Flatey | Sigurjón Árnason | 1923-2010 | 5,55  | 1,6    | 0,73 | 1,75 |

Smíðaður úr furu og eik 1950 af Sigurjóni Árnasyni (1923-2010) í Flatey. Gestur Vilmundur Gíslason (1912-1954) aðstoðaði Sigurjón við smíðina.

Fyrirmyndin að bátnum var bátur (Litlanesbáturinn Bragur) sem Valdimar Ólafsson (1906-1939) í Hvallátrum smíðaði árið 1934. Sigurjón smíðaði 3 aðra báta eftir Litlanesbátnum: Bjarma, Hring og Múlabátinn. Þessir bátar eru allir til í dag (2015) og sumir í mjög góðu ástandi.

Sigurjón hafði Andvara til eigin nota í fyrstu, en seldi Nikulási Jenssyni (1935-2004) í Svefneyjum bátinn árið 1958 og var hann hlunnindabátur þar í áratugi.

Upphaflega var í bátnum Albin 5 ha vél en síðar var sett í hann Bukh 10 ha og er sú vél til í dag í safni FÁBBR.

Báturinn er í slæmu ástandi og ef á að gera hann upp er það mikið verk.

Í dag er Andvari í eigu Kristins Nikulássonar (1957-) frá Svefneyjum.



Andvari í Sviðnum 1959.



Andvari í Svefneyjum 1978.

# Kópur



| Smíðaður |           |                             |           | Mál   |        |      |     |
|----------|-----------|-----------------------------|-----------|-------|--------|------|-----|
| Ár       | Hvar      | Smiður                      |           | Lengd | Breidd | Dýpt | Brl |
| 1950     | Hvallátur | Aðalsteinn E. Aðalsteinsson | 1923-2014 | 6,1   | 1,77   | 0,7  |     |

Kópur er smíðaður í Hvallátrum af Aðalsteini Eyjólfí Aðasteinssyni (1923-2014) fyrir Sigurbrand Jónsson á Grænhól á Barðaströnd, sem síðar var vinnumaður í Skáleyjum.

Tilraunastöðin á Reykhólum keypti síðan bátinn af Sigurbrandi árið 1952. Báturinn var notaður bæði af Tilraunastöðinni og Reykhólabændum til selveiða og dúnleita.

Í hlunnindahluta sýningarinnar má sjá Kóp á gamalli ljósmynd, líklega frá miðbiki sjöunda áratugar liðinnar aldar. Þar eru hálfbræðurnir Sigurgeir Tómasson og Þorsteinn Þórarinsson á leið í land úr selveiðiferð með Dísu (sem er einnig á sýningunni) í togi en um borð í henni er pilturinn Hugo Rasmus.

Til er tvíbura bátur við Kóp, sem Aðalsteinn smíðaði fyrir Sæmund á Kletti í Gufudalssveit. Seldur að Hnjúki í Klofningshreppi og er þar.

Kópur kemur árið 2010 til FÁBBR og er settur upp árið 2011 til sýningar. Kópur er heill en lélegur.

# Svala



Heyflutningar í Höfðeyjum í Hvallátralöndum.

Björg næst landi, síðan Svala og Skrauti (flutningaskip í Hvallátrum) með heyfarm um 1958.  
Mynd úr Eylendu.

| Smíðaður |           |                             |           | Mál   |        |      |     |
|----------|-----------|-----------------------------|-----------|-------|--------|------|-----|
| Ár       | Hvar      | Smiður                      |           | Lengd | Breidd | Dýpt | Brl |
| 1954     | Hvallátur | Aðalsteinn E. Aðalsteinsson | 1923-2014 | 4,45  | 1,60   | 0,58 |     |

Smíðuð fyrir Daníel Jónsson í Hvallátrum, síðar bónda á Dröngum á Skógarströnd.

Daníel selur bátinn til Skipavíkur um 1964 og þar var hann notaður sem slippsekta.

Báturinn var gefinn FÁBBR um 2006 og er heill en í lélegu ástandi.

# Gylfi BA 18



| Smíðaður |                |                              |           | Mál   |        |      |      |
|----------|----------------|------------------------------|-----------|-------|--------|------|------|
| Ár       | Hvar           | Smiður                       |           | Lengd | Breidd | Dýpt | Brl  |
| 1956-57  | Patreksfjörður | Andrés Karlsson frá Kollsvík | 1901-1980 |       |        |      | 2,97 |

Smíðaður úr eik og furu á Patreksfirði veturinn 1956-57 af Andrési Karlssyni. Andrés hafði smíðað árið áður (1955) annan bát, Farsæl BA200, sem hann réri á í fjölda ára.

Gylfi var byggður eftir Farsæli en var aðeins stærri.

Upphaflega var Marna vél í bátnum en seinna 29 ha Solo vél.

Nöfn og eigendasaga:

- **Gylfi BA 18**, Númi Einarsson, Patreksfirði, 1957-1976.
- **Blakkur BA 9**, Hannes Kristjánsson, Tálknafirði, 1976-1978.
- **Björgvin Einarsson BA 9**, Kristján Pétursson, Skriðnafelli á Barðaströnd, 1978-1983.
- **Teista BA 3**, Finnbogi Magnússon, Patreksfirði, 1983-1987, Páll Helgason, Patreksfirði, 1987, Helgi Páll Pálmason, Patreksfirði, 1987-1990.
- **Hringur BA 3**, Gunnar Guðmundsson, Skjaldvararfossi á Barðaströnd, 1990- .

Einungis byrðingurinn er eftir af bátnum.

FÁBBR eignast bátinn árið 2006.

# Dísa



| Smíðaður |           |                             |           | Mál   |        |      |     |
|----------|-----------|-----------------------------|-----------|-------|--------|------|-----|
| Ár       | Hvar      | Smíður                      |           | Lengd | Breidd | Dýpt | Brl |
| 1957     | Hvallátur | Aðalsteinn E. Aðalsteinsson | 1923-2014 | 3,85  | 1,38   | 0,47 | ?   |

Smíðuð í Hvallátrum af Aðalsteini E. Aðalsteinssyni (1923-2014) fyrir Sigurgeir Tómasson (1933-1993) á Reykhólum og ber nafn konu hans Dísu Ragnheiðar Magnúsdóttur (1932-1974). Báturinn var líka stundum kallaður „Jullan“.

Dísa var alla tíð notuð sem skjöktbátur á Reykhólum. Hún er í eigu afkomenda Sigurgeirs.

Á Bata- og hlunnindasýningunni má sjá Dísu á gamalli ljósmynd frá því um 1965. Þar eru hálfbræðurnir Sigurgeir Tómasson og Þorsteinn Þórarinsson á leið úr selveiðiferð á vélbáti með Dísu í togi, en um borð í henni er pilturinn Hugo Rasmus .

# Pramminn



| Smíðaður |           |                             |           | Mál   |        |      |     |
|----------|-----------|-----------------------------|-----------|-------|--------|------|-----|
| Ár       | Hvar      | Smiður                      |           | Lengd | Breidd | Dýpt | Brl |
| 1958     | Hvallátur | Aðalsteinn E. Aðalsteinsson | 1923-2014 | 8,2   | 2      | 1,2  |     |

Árið 1958 smíðaði Aðalsteinn Eyjólfur Aðalsteinsson (1923-2014) pramma úr eik og furu til að nota við stórflutninga við Breiðafjörð. Pramminn var þannig útbúinn að hann var opnaður að framan og þá var hægt að aka tækjum beint af og í pramman ekki ólíkt því sem innrásarprammar í hernaði voru notaðir.

Á þessum tíma var unnið að því að styrkja byggð í Breiðafirði sem þá var mjög á undanhaldi.

Pramminn var notaður við að flytja m.a. jarðýtu, sem notuð var við jarðabætur í eyjum Breiðafjarðar, en einnig við ýmsa stórflutninga tengda eyjabúskap á sjöunda áratug síðustu aldar, ásamt ýmsum öðrum flutningi s.s. með fé, hey o.fl.

Kom hann þar að ýmsu leyti í stað „skipanna“ sem eyjabændur notuðu um aldir.

Pramminn er einstakur að ýmsu leyti og ekki er vitað til þess að annað svona farartæki hafi verið smíðað á landinu.

FÁBBR eignaðist pramman árið 2014.

Hann er heillegur en mjög lélegur.

# Skurðgrafa milli Breiðafjarðareyja

Vélvæðingin nemur land í Breiðafjarðareyjum

Stykkishólmi, 21. nóv.

Eitt af því, sem valdið hefur erfiðleikum í búskap á Breiðafjarðareyjum nú síðari árin, er hve erfitt hefur verið að vélvæða jarðræktina þar. Eyjarnar eru víða votlendar og þurrkun þarf að fara fram áður en hægt er að breyta þeim í tún.

Skurðgröfur og jarðýtur hafa hingað til farið fram hjá eyjunum, aðallega vegna þess, að ekki hefur verið hægt að flytja þær vélar út í eyjar eða milli þeirra, sökum skorts á heppilegu flutningatæki.

## Minni og meðfærilegri

En þróunin heldur áfram, og um þessar mundir er skurðgrafa að hefja framræslu í Brokey. Skurðgrafa þessi er tengd við Ferguson dráttarvél, og því minni og auðveldari í flutningi en þær skurðgröfur, sem aðallega hafa verið notaðar hingað til. Vél þessi var flutt úr Reykjavík til Flat-eyjar í fyrra haust og hefur verið unnin með hermi í Svefneyjum og Skáleyjum í sumar, og gefið góða raun.

## Á sérstökum pramma

Fyrir hálfum mánuði var hún

svo flutt þvert yfir Breiðafjörð, frá Skáleyjum að Brokey, á þar til gerðum pramma, sem Aðalsteinn Aðalsteinsson bátasmiður í Hvallátrum hefur smíðað. Mótorbátur dró pramman og gekk flutningurinn í alla staði vel, og tók um sex klst.

## 5 bænda sameign

Vélasjóður á þessa skurðgröfu, en bændurnir í Svefneyjum, Hval látrum og Skáleyjum, 5 talsins, eiga pramman, og getur hann borið um 10 tonn, en vitaskuld verður að sæta veðri um ferðir. Ferð sú, sem tók þá 6 stundir með skurðgröfuna á prammanum, er venjulega farin á þremur og hálfri stund á mótorbáti.

## Eiga líka jarðýtu

Einnig hafa sömu aðilar fest kaup á litilli jarðýtu, sem þeir hyggjast flytja á milli eyjanna á sama hátt og skurðgröfuna.

KBG.



Bátaskemman og pramminn í Hvalátrum 1959.



Pramminn á Reykhólum 2015.

# Draupnir BA 40



| Smíðaður |            |                             |           | Mál   |        |      |       |
|----------|------------|-----------------------------|-----------|-------|--------|------|-------|
| Ár       | Hvar       | Smíður                      |           | Lengd | Breidd | Dýpt | Brl   |
| 1960     | Hvallátrur | Aðalsteinn E. Aðalsteinsson | 1923-2014 | 10,67 | 3,55   | 1,52 | 10,41 |

Draupnir var smíðaður úr furu og eik 1959-60 af Aðalsteini Eyjólfí Aðalsteinssyni (1923-2014) skipasmið í Hvallátrum á Breiðafirði og var stærsti bátur sem Aðalsteinn smíðaði.

Upphaflega var í Draupni 20 ha Lister vél, en síðar var sett í hann 50 ha Perkins vél og er hún í honum í dag.

Aðalsteinn smíðaði bátinn fyrir sig og var hann heimilisbátur í Hvallátrum og notaður til að flytja fólk og varning. Eftir að fjölskylda Aðalsteins flutti úr Hvallátrum árið 1975 notaði Skúli Aðalsteinsson (1956-) bátinn sem fiskibát og réri frá Neskaupstað til ársins 1995.

Í október 2015 var Draupnir fluttur til Reykhóla frá Akranesi, þar sem hann hafði verið geymdur í 20 ár.

Aðalsteinn smíðaði árið 1962 Farsæl BA 55 sem er byggður á sömu teikningu en aðeins minni. Draupnir og Farsæll bera smíðakunnáttu Aðalsteins gott vitni og voru lang stærstir og flottastir eyjabáta á sinni tíð.

Ástand bátsins er lélegt en upprunalegt.

Eigandi bátsins í dag eru afkomendur Aðalsteins.



Draupnir sjósettur og skírður í apríl 1960.  
Elín Aðalsteinsdóttir (1950- ) gefur bátnum nafn. Ljós. Valdimar Jónsson



Draupnir nýr 1960. Ljós. Valdimar Jónsson.



Farsæll og Draupnir í vörinni í Hvallátrum.



Draupnir í Neskaupsstað. Ljós. Skúli Aðalsteinsson.



Draupnir á Akranesi 2015. Ljós. Sig. Bergsveinsson.



Pramminn, Farsæll og Draupnir á Reykhólum 2015. Ljós. Sig. Bergsveinsson.

# Farsæll BA 55



| Smíðaður |           |                             |            | Mál   |        |      |     |
|----------|-----------|-----------------------------|------------|-------|--------|------|-----|
| Ár       | Hvar      | Smiður                      |            | Lengd | Breidd | Dýpt | Brl |
| 1962     | Hvallátur | Aðalsteinn E. Aðalsteinsson | 1923- 2014 | 9,8   | 3,1    | 1,25 | 7,6 |

Smíðaður í Hvallátrum af Aðalsteini E. Aðalsteinssyni (1923-2014) fyrir Jens Nikulásson (1899-1973) og Nikulás Jensson (1935-2004) bændur í Svefneyjum.


Farsæll er 7,6 brl. að stærð og upphaflega var í honum 50 ha Ajax vél. Síðar var sett í hann 80 ha Perkins en hann er vélarlaus í dag (2015).

Farsæll var notaður sem heimilisbátur til flutninga og ferðalaga og einnig veiðiskapar í Svefneyjum í 30 ár.

Fór síðan á minjasafnið á Hnjóti í Örlygshöfn en kom þaðan til Bátasafns Breiðafjarðar.

Draupnir og Farsæll eru með innfelldu stefni.

Í dag er Farsæll í eigu Kristins Nikulássonar (1957-) frá Svefneyjum.




Farsæll nýr í Hvallátrum 1962.  
Ljós. Valdimar Jónsson í Hvallátrum.



Farsæll kemur nýr til Stykkishólms 1962.  
Ljós. Kristinn B. Gíslason Stykkishólmi.



Farsæll með timburfarm í Svefneyjum um 1972-74.  
Ljós. frá Kristni Nikulássyni Svefneyjum.



Kristinn Nikulásson (1957- ) og Nikulás Jensson (1935-2004) faðir hans við  
fjárflutninga við Sveinaklett. Ljós. frá Kristni Nikulássyni.

# Grímsi



Grímsi 2016. Við bátinn standa Eggert Björnsson og Hafliði Aðalsteinsson

| Smíðaður |           |                             |           | Mál   |        |      |     |
|----------|-----------|-----------------------------|-----------|-------|--------|------|-----|
| Ár       | Hvar      | Smiður                      |           | Lengd | Breidd | Dýpt | Brl |
| 1962     | Hvallátur | Aðalsteinn E. Aðalsteinsson | 1923-2014 | 3,60  | 1,31   | 0,47 |     |

Grímsi er smíðaður í Hvallátrum árið 1962 af Aðalsteini Eyjólfí Aðasteinssyni (1923-2014) fyrir Grím Grímsson (1912-2002) sóknarprest í Sauðlauksdal í Patreksfirði. Grímur notaði bátinn til veiða á Sauðlauksdalsvatni.

Báturinn er flatbotna skekta eða prammi með gafli.

Aðalsteinn smíðaði nokkra svona báta, þar á meðal fyrir flóabátinn Baldur.

Báturinn kom í eigu FÁBBR árið 2016 og er í heill og í góðu ástandi.

# Gola



| Smíðaður |               |                   |           | Mál   |        |      |      |
|----------|---------------|-------------------|-----------|-------|--------|------|------|
| Ár       | Hvar          | Smíður            |           | Lengd | Breidd | Dýpt | Brl  |
| 1964     | Stykkishólmur | Kristján Gíslason | 1897-1990 | 6,30  | 1,73   | 0,80 | 1,67 |

Smíðaður árið 1964 í Stykkishólmi af Kristjáni Gíslasyni (1897-1990) frá Ytra-Skógarnesi en hann var dóttursonur Ólafs Teitssonar í Sviðnum og því voru þeir Ólafur Bergsveinsson í Hvallátrum systkinasynir.

Báturinn var heimilisbátur hjá Hallvarði Kristjánssyni (1928-97) á Þingvöllum í Helgafellssveit frá 1980 (ekki er vitað um eigendur fyrir þann tíma) og gefinn FÁBBR árið 2007.

# Eva



| Smíðaður |           |                                                |              | Mál   |        |      |     |
|----------|-----------|------------------------------------------------|--------------|-------|--------|------|-----|
| Ár       | Hvar      | Smiður                                         |              | Lengd | Breidd | Dýpt | Brl |
| 1974     | Hvallátur | Páll Finnbogi Aðalsteinsson og Hafliði Árnason | 1954-1937-77 | 4,30  | 1,70   | 0,54 |     |

Eva var smíðuð af Páli Aðalsteinssyni (1954-) í Hvallátrum og Hafliða Árnasyni (1937-77) frá Flatey.

Bátinn teiknaði Aðalsteinn faðir Páls og hann er smíðaður úr 9 mm mótakrossvið. Báturinn var sjósettur 11. apríl 1974.

Báturinn er flatbotna hraðbátur með gafli og gerður fyrir utanborðsvél.

Í bátinum var 40 ha Johnson vél og gekk hann 27 sjómílur á klst. á sléttum sjó með einum manni.

Páll og Hafliði smíðuðu annan bát alveg eins og Evu, Hrugini, sem Hafliði átti. Hruginir er til í upprunalegu ástandi.

Ástand bátsins er lélegt.

Báturinn er í eigu Páls Aðalsteinssonar.

# Sæbjörg BA 59



| Smíðaður |               |         |  | Mál   |        |      |      |
|----------|---------------|---------|--|-------|--------|------|------|
| Ár       | Hvar          | Smiður  |  | Lengd | Breidd | Dýpt | Brl  |
| 1971     | Hafnarfjörður | Bátalón |  | 11,7  | 3,36   | 1,27 | 11,0 |


Sæbjörg BA er 12 tonna þilfarsbátur sem var smíðaður úr eik og furu í Bátalóni í Hafnarfirði árið 1971. Í bátnum hefur frá upphafi verið ensk Ford Power Marine 98 ha vél.

Báturinn er mjög vandaður að allri gerð þar sem hann fór til sýningar á iðnsýningu í Laugardalshöll eftir að smíðum lauk. Bátnum hefur ekkert verið breytt og heldur enn upprunalegu útliti. Þannig er hægt að sýna þróun bátasmíða frá opnum árabátum með segl, til opinna vélbáta og allt til báta af þeirri gerð sem Sæbjörg BA 59 er.

Báturinn var gerður út frá Þorlákshöfn 1971-75 en var seldur til Patreksfjarðar árið 1975 og gerður út þar til fiskveiða til ársins 2006.

Arnar Kristjánsson (Addi á Ármúla) útgerðarmaður á Ísafirði færði FÁBBR bátinn að gjöf árið 2015.

Báturinn er í Reykjavík þar sem félagsmenn í FÁBBR vinna að því að gera hann upp. Stefnt að því að hann verði sjófær að nýju.



Sæbjörg tekin á land á Patreksfirði 2015 eftir að hafa legið þar í höfn frá árinu 2006.  
Ljósm. Eggert Björnsson.

Tveir 11 rúmlesta þilfarsbátar í smíðum.




MORGUNBLAÐIÐ, FIMMTUDAGUR 29. OKTÓBER 1970

## hafi

upp eldur  
og flýtti mað  
ótasta út, og

trax slökkvi  
úr öllum  
eldinn, en  
eldinn, auk  
su öll op til  
Þessu næst  
and við ná-  
mann að vera  
ti að halda,  
und við land,  
kkvillð væri  
n kæmi að  
glit á fullri  
slökkvi-  
og slökkti  
mann var þá

m 70 tonna  
emmdur, en  
við er mats-  
ljóst, hversu  
ur að fara



Þilfarsbátarnir sem nú eru í smíðum hjá Bítalóni. Ljós. Sv. Þorm.

Myndir teknar í Bítalóni í Hafnarfirði 1970.

# Vinfastur



| Smíðaður |           |                          |       | Mál   |        |      |     |
|----------|-----------|--------------------------|-------|-------|--------|------|-----|
| Ár       | Hvar      | Smiður                   |       | Lengd | Breidd | Dýpt | Brl |
| 2007     | Reykhólar | Hafliði M. Aðalsteinsson | 1949- | 6,0   | 1,68   | 0,69 |     |

Vinfastur var smíðaður á Reykhólum. Byrjað var á smíðinni haustið 2006 og hann fór á flot vorið 2007.

Smiðir voru þeir Aðalsteinn Valdimarsson, Eggert Björnsson, Hafliði Már Aðalsteinsson og Hjalti Hafþórsson, félagar í Félagi áhugamanna um Bátasafn Breiðafjarðar.

Vinfastur var smíðaður meðal annars vegna töku heimildarmyndar Ásdísar Thoroddsen "Súðbyrðingur - saga báts" sem var frumsýnd á Skjaldborgarhátíð á Patreksfirði sumarið 2011. Þá hefur Ásdís einnig gefið út mynddiskinn „Björg“ með leiðbeiningum um bátasmíði.

Vinfastur er smíðaður eftir báti sem heitir Björg (Staðarskektan) og er til sýnis á sýningunni.

Svona bátar voru notaðir við hlunnindanyttjar og flutninga á fjölda bæja við Breiðafjörð, þar til vélbátar tóku við um og upp úr 1930.



Hafliði Aðalsteinsson og Eggert Björnsson sigla Vínfasti nýjum sumarið 2007.  
Ljós. Aðalsteinn Valdimarsson

# Skip og skipasmiðir

*Þessi fróðleikur um skip og skipasmiði í Breiðafirði er fenginn að láni úr bókinni Áratog eftir Bergsvein Skúlason (1899-1993) fræðimann sem samdi fjölda rita um lífið í Breiðafirði. Bergsveinn var bóndi í Skáleyjum, á Skálmarnesmúla og í Ögri við Stykkishólm ásamt því að vera stórvirkur rithöfundur. „Bækur hans geyma mynd af störfum og hag genginna kynslóða í Breiðafjarðareyjum og umhverfi Breiðafjarðar,“ skrifar Jóhannes Geir Gíslason, Skáleyjum, í minningargrein um Bergsvein. Viðbætur við texta Bergsveins eru settar í rammagreinar.*

Áður en lengra er haldið, er líklega bezt að víkja að bátum, skipum og skipasmiðum. Á bátnum byggðist allt atvinnulíf eyjamanna, landbúnaður þeirra ekki síður en aðrar atvinnugreinar. Báturinn var það, sem allt flaut á. Það liggur í augum uppi. Sjórinn er eyjamannsins dagur og vegur, og bátar og skip einu farar- og flutningatækin á þeim vegi. Svo hefur verið frá upphafi og mun verða, meðan búið er í eyjum. Allir eyjabændur eru sjómenn, þótt ekki stundi þeir úthafssiglingar.

En þegar þessu efni er velt fyrir sér, verður það uppi á teningnum, að skipasmíðar hafa aldrei verið sjálfstæð atvinnugrein í Breiðafjarðareyjum, svo lífsnauðsynlegt tæki sem báturinn var á þeim slóðum og svo margir sem þeir voru.

Ef litið er aftur til þess tíma, er Árni Magnússon og Páll Vídalín gerðu Jarðabók sína á þessum slóðum, um 1703, kemur í ljós, að bændur einir, sem þá voru um 70 í eyjum, áttu milli 130-140 skip og báta. Langmest var af fjögra og sex manna förum. Hefur sú bátastærð ævinlega verið algengust í eyjum. Skipin sem Árni talar um, er ekki vitað hvað voru stór, sennilega ekki stærri en litlir áttæringar voru seinna, en þó áttróin. Stærri, opin skip munu ekki hafa komið til sögunnar, fyrr en milli 1820-1830. Voru þau alltaf fá. Áttu þau aðeins stærri bændur og meiriháttar sjósóknarar, er notuðu þau fyrst og fremst til hákarlaveiða, fiskaferða og stærri flutninga heimafyrir. Verður vikið að þeim, eftir því sem þurfa þykir í þáttunum hér á eftir.

Hús- og þurrabúðarmenn voru margir í eyjum þegar á dögum Jarðabókar Árna og allt fram um síðustu aldamót. Þeir áttu marga báta, tveggja og fjagramannaför, einkum þegar liða fór á 19. öldina. Þeim reru þeir í verstöðvum á haust- og vorvertíðum, en notuðu svo til flutninga og ferðalaga í eigin þarfir aðra tíma ársins. Bátlaus maður í eyjum getur ekki talizt frjáls ferða sinna, hvað

sem skipaeign nágrannans líður. Hesturinn var aldrei þarfasti þjónninn í eyjum, heldur báturinn.

Allur þessi floti þurfti mikið viðhald, og alltaf þurfti að bæta í skörðin. Bátstapar og slysfarir voru árlegir viðburðir. En svo lygilegt sem það kann að þykja, hefur nær því hver bóndi gert við sína báta sjálfur og verið meiri eða minni skipasmiður. Mætti æra óstöðugan að telja þá alla upp. Hér verður engin tilraun gerð til þess, en nokkrir verða nefndir, sem borið hafa einna hæst og mest gert að nýsmíði báta, en enginn þeirra mun hafa haft skipasmíðar að aðalatvinnu.

Fyrst skal þá frægan telja, Gísli Súrsson. Hann kom til Hergilseyjar á flóttu undan óvinum sínum, og „smíðaði skip Ingjaldi og marga hluti aðra. — Hann var hagari en flestir menn aðrir. — Ingjaldur á nú þrjú skip og öll vel gerð." Það var ekki ónýtt fyrir Ingjald bónda að fá slíka heimsókn, „því að hann var ekki hagur." En þetta vakti undrun þeirra, sem í Hergilsey komu, því ekki hafði borizt burt frá eyjunni, að Ingjaldur fengist við skipasmíðar, og sízt svo, að af bæri skipum annarra manna. Þannig varð allt atgervi útlagans honum til hrösunar og ógæfu. Skip Ingjaldar komu upp um veru Gísla í Hergilsey, sem annars hefði getað orðið löng og giftudrjúg. Svo líða margar aldir, að ekki er vitað um skipasmíði í Hergilsey, enda eyjan lengi í eyði, eftir að Ingjaldur er hrakinn þaðan.

En með komu Eggerts Ólafssonar (d.1819) [1732-1819] þangað, um 1782, hefjast skipasmíðar þar aftur. Það er haft fyrir satt, að Eggert væri skipasmiður, og hafi hann m. a. smíðað skip sitt Hring, meðan hann bjó í Sauðeyjum, og þessi vísa var kveðin um:

Siglir skip úr Sauðeyjum,  
sem að heitir Hringur;  
stendur þar í stafninum  
stýrimaður slyngur.

Hinn slyngi stýrimaður hefur eflaust verið Eggert sjálfur. Þetta skip notaði Eggert meðal annars til þess að hýsa undir því marga menn úti í Oddbjarnarskeri, þegar ekki komust fleiri í kofana og eyjarnar yfirfylltust af fólki eftir móðuharðindin. Hringur var stór áttæringur, ákaflega vel viðaður og sterkbyggður að sögn þeirra, sem sáu hann, og mesta happafleyta. Hann var í eigu Hergilseyjarbænda, afkomenda Eggerts Ólafssonar, frá því að Eggert flutti hann þangað með sér úr Sauðeyjum, fram á fjórða tug þessarar aldar, en var þá mjög af sér genginn og rifinn niður í eldinn. Margoft hafði hann verið smíðaður upp og við hann gert á því tímabili, og var sagt, að ekkert hefði að lokum verið eftir af hinum upphaflega

Hring, annað en nokkrir bunkastokkar og stafnlokið í afturskut. Voru þessir skipshlutir úr völdum rekaviðarhnyðjum og þá enn ófúnir.

Vegna sögu sinnar og annars ágætis, hefði átt að halda Hring við og geyma hann á byggða- eða þjóðminjasafni. En ekkert þýðir að sakast um orðinn hlut. Hringur verður aldrei endurheimtur. Og þó, kannski fór bezt á því, að hann hyrfi af sjónarsviðinu með gömlu Hergilseyingunum, sem hann hafði þjónað svo lengi.

Næsti skipasmiður í Hergilsey, sem nokkuð kveður að og mér er kunnugt um, var Snæbjörn hreppstjóri Kristjánsson (1854-1938). Hann lætur liggja að því í ævisögu sinni, að í æsku hafi hann fengið tilsögn hjá hinum beztu skipasmiðum, „en nennti misjafnlega." En þótt Snæbjörn væri vel hagur á tré og járn, gerði hann aldrei mikið að smíðum. Ævistarfið varð annað. En bátar, sem hann smíðaði, þóttu góðir sjó- og siglingabátar, en kannski voru fleyturnar nettfriðari hjá öðrum.

Þriðji skipasmiðurinn í Hergilsey er Árni [Jón] Einarsson (f.1893) [1893-1980]. Hann mun fyrst hafa unnið að skipasmíðum með Snæbirni hreppstjóra, en smíðar síðan á eigin ábyrgð. Árni er hagleiksmaður á allar smíðar, og tel ég víst, að bátar eftir hann séu góðir. Árni bjó nokkur ár í Hergilsey og yngdi upp gamla Hring. Hann á lítinn vélbát, sem heitir Hringur. Af þeim mönnum, sem voru formenn á opnum hákarlaskipum á Breiðafirði, mun Árni einn á lífi [1970]. Hákarlaveiðarnar stundaði hann frá Siglunesi á Barðaströnd, þá ungur maður, en hefur nú mörg ár átt heima í Flatey.

Böðvar Ólafsson (1805-1886), kenndur við Fjörð á Skálmarnesi, var afbragðs skipasmiður og smíðaði fjölda báta. Hann vann mest að skipasmíðum út í eyjum, m. a. fyrir Eyjólf Einarsson hreppstjóra í Svefneyjum. Böðvar var svaðamenni, einkum við vín, og var þá ekki öllum hent að fást við hann. Þrennt var honum verst við í lífinu: Heitan velling í Svefneyjum, háf í flyðrulegu og kaldhroðað járn í smíðju. Gefur það nokkra hugmynd um skapsmuni hans.

Eyjólfur hreppstjóri Einarsson (1784-1865) í Svefneyjum. „Hann vann við skipasmíðar alla vetur og smíðaði flest skip vestan fjarðarins," segir í Rauðskinnu séra Jóns Thorarensens. Ekki er ég viss um, að hann hafi verið svo iðinn og afkastamikill skipasmiður, sem af þessum ummælum má ráða, en eitthvað gerði hann að skipasmíðum. Og víst er, að Böðvar frá Firði var eins konar heimilisskipasmiður hjá honum marga vetur.

Enginn af sonum Eyjólfis var skipasmiður.

Aftur á móti var tengdasonur hans, Ólafur Teitsson (1810-1892) bóndi í Sviðnum, frábær skipasmiður og hagleiksmaður á alla hluti. — Þjóðkunn er sagan um skektuna, sem hann smíðaði, þegar hann var vinnumaður hjá Eyjólfí í Svefneyjum og var að draga sig eftir Björgu dóttur hans. Er sagan víða til á bókum, m. a. í Breiðfirzkum sögnum, fyrsta bindi, og verður ekki endurtekin hér. — Eftir Ólaf voru til bátar um allan innanverðan Breiðafjörð og eflaust víðar, fram um síðustu aldamót.

Sonur Ólafs, Eyjólfur Ólafsson (1855-1918) í Sviðnum, tók við búi og skipasmíðum af föður sínum í Sviðnum. Bátar hans þóttu traustir og vel smíðaðir, en þeir munu ekki hafa verið mjög margir. Eyjólfur var lærður gullsmiður og gerði mikið að margs konar smíðum með búskapnum.

*Ýmsir munir og verkfæri sem Eyjólfur smíðaði og notaði eru varðveittir á Bata- og hlunnindasýningunni á Reykhólum. Sjá nánar í kaflanum um Áhöld.*

Bergsveinn Ólafsson (1839-1899) bóndi í Bjarneyjum, bróðir Eyjólfss í Sviðnum, var ágætur skipasmiður og mikill afkastarnaður á því sviði. „Beztur smiður hér í sveit er Bergsveinn Ólafsson, er hann skipasmiður og margt fleira smíðar hann,” segir Hermann skipstjóri Jónsson um hann í Flateyjarannál sínum 1878. Og Jens Hermannsson minnst Bergsveins svo í Breiðfirzkum sjómönnum: „Með Bergsveini Ólafssyni féll í valinn einn af beztu skipasmiðum Breiðfirðinga. Faðir hans hafði verið frábær skipasmiður og smíðað fjölda báta. Bergsveinn hafði erft beztu kosti föður síns á því sviði, fagurt bátalag og traustan og vandaðan frágang, svo af þótti bera.”

Um afköst Bergsveins við smíðarnar er sögð sú saga og vel vottfest, að hann hafi fullsmíðað á 14 virkum dögum áttæring fyrir Sturlaug Tómasson bónda í Fagradal á Skarðsströnd. Unglingspilt hafði hann til að halda við, þegar hann hnoðaði sauminn, en að öðru leyti vann hann verkið einn. Þetta þóttu mikil afköst í Breiðafirði og voru lengi í minnum höfð.

En í lðnsögu Íslands, 1. b., bls. 337, er þess getið, að Eggert Björnsson (1825-1905) í Höfnum suður, hafi smíðað teinæringinn aleinn á þremur vikum, en áttæringinn á hálfum mánuði og vandvirknin svarað til afkastanna. Orðrétt segir í lðnsögunni:

„Var Eggert Björnsson svo mikil hamhleypa við skipasmíðar, að hann smíðaði teinæringinn á þremur vikum, en áttæringinn á hálfum mánuði, og svo hagur var hann, að hann þurfti aldrei að bera fjöl við skör, þegar hann felldi saman. Hann aðeins renndi auganu til skararinnar á byrðingnum, þegar hann hjó hina skörina,

og svo blindféllu skarirnar saman, þegar hann bar skör að skör, og svo var hann kappsamur, að hann stóð alltaf upp með síðasta bitann í munninum og þaut tyggjandi út, en lét færa sér kaffið hálfkælt af brennivíni og þambaði svo allt í einum teyg".

Þessi ummæli minna mjög á sagnir, sem gengið hafa í Breiðafirði um Böðvar í Firði.

Frásögn lðnsögunnar sanna, að afköst Bergsveins í Bjarneyjum hafa ekki verið neitt einsdæmi, þótt mörgum þætti þau ótrúleg. Eflaust hefur vinnudagurinn hjá nefndum skipasmiðum verið lengri en 8 klukkustundir á sólarhring. Bergsveinn mun hafa komist einna næst því af skipasmiðum í Vestureyjum, að vera atvinnumaður á því sviði.

*Nokkrir bátar eftir Bergsvein eru enn til (2016) og varðveittir (Björg á Reykhólum, Gjóla á Hnjóti og Sumarliði í Reykjavík).*

Jón Ólafsson (1788-1834) bóndi í Hvallátrum, þótti dágóður skipasmiður. Eftir hann var eini selabáturinn, sem ég hef heyrt talað um í Breiðafirði á seinni öldum. Selabátur hans mun þó hafa verið allfrábrugðinn hinum norðlenzku selabátum, sem munu hafa verið flatbotna, grunnskreiðar gaflkænur. Selabátur Jóns var tveggja manna far, lítið og rennilegt, og ætlað til að skutla úr því vöðusel á Skálmarfirði og Kerlingarfirði. En eftir að báturinn var smíðaður og fara átti að nota hann til veiðanna, dró mjög úr komu vöðuselsins á þessa firði. Hættu þá eyjamenn við selveiðar þar, en Þorkell bóndi Eiríksson [1828-1905] á Selskerjum keypti bátinn, og var hann í eigu afkomenda hans fram um 1940. Síðast átti hann Magnús Pétursson [1884-1970] frá Selskerjum. Fylgdi báturinn honum frá Selskerjum vestur á firði og þaðan til Reykjavíkur. Síðast notaði Magnús hann sem hrognkelsabát hér við Skerjafjörðinn. Segir Magnús, að þessi litli bátur sé bezta fleyta, sem hann hafi komið út í um dagana. Hann sigldi af sér hvern bát, þótt stærri væri, og var ákaflega árléttur.

Þegar Magnús hætti allri sjósókn, kominn yfir sjötugt, gaf hann Breiðfirðingafélaginu hér í Reykjavík bátinn, og ætlaðist til að hann hafnaði í byggðasafni Breiðafjarðar, er félagið mun hafa ætlað að gangast fyrir að yrði stofnað, en ekkert orðið úr. Nú mun þessi happafleyta að engu orðin vestur í Flatey.

Ólafur Bergsveinsson (1867-1939) bóndi í Hvallátrum, sonur Bergsveins í Bjarneyjum, ólst upp hjá afa sínum í Sviðnum, og komst því snemma í kynni við skipasmíðar hans og annan verkshátt. Hann smíðaði fjölda báta, allt frá tveggja

manna förum upp í teinæring sinn Egil. Egill var smíðaður 1905 eða 1906, og er síðasti teinæringurinn, sem smíðaður hefur verið í eyjum. Hann bíður þess nú á hvolftrjám í Hvallátrum að verða endurnýjaður, og síðan geymdur sem kjörgripur í væntanlegu byggðasafni Breiðafjarðar.

*Aðalsteinn Eyjólfur sonarsonur Ólafs hóf að lagfæra Egil um 1974 og tók hann í hús og endurbyggði hann, lauk hann því verki um 2000. Egill er í góðu ástandi (2016) og er geymdur í Bátaskemmuni í Hvallátrum.*

Ólafur stundaði skipasmíðar aðeins að vetrinum, a. m. k. eftir að hann fór að búa. Samt mun hann hafa smíðað fleiri báta en nokkur annar samtímamaður hans í Breiðafirði. Hann var spurður að því skömmu áður en hann dó, hvað hann hefði smíðað margar fleytur. Það sagðist hann ekki muna, en hélt að þær væru nálægt einu hundraði. Bátar Ólafs þóttu misjafnir að útliti og gæðum, en handbragðið á þeim öllum fagurt og vandað.

*Nokkrir bátar eftir Ólaf eru enn til (2016) og varðveittir (Staðarskektan – Björg og Sendlingur á Reykhólum, Egill í Hvallátrum og Svanur í Kvígindisfirði).*

Synir Ólafs, Aðalsteinn [1894-1923] og Eyjólfur [1896-1915], unnu báðir að bátasmíðum með föður sínum og voru efni í góða smíði, en ekki veit ég, hvort þeim auðnaðist að smíða nokkurn nýjan bát. Báðir dóu þeir ungir.

Næsti skipasmiður í Hvallátrum var Valdemar Ólafsson (1906-1939) í Hvallátrum bróðir þeirra Aðalsteins og Eyjólfs. Hann var afbragðs skipasmiður. Byrjaði á því að smíða árabáta, en síðan opna vélbáta.

Við komu mótórvélanna í eyjarnar, sem ekki urðu algengar fyrr en upp úr 1920, breyttust mjög allir bátar þar um slóðir. Að vísu voru fyrstu vélarnar settar í gömlu opnu árabátana, en það gafst ekki vel. Þeir voru ekki nógu sterkir og laginu þurfti að breyta. Valdemar þótti takast ágætlega að breyta lagi bátanna og samræma það hinum nýju kröfum, og reyndust bátar hans hver öðrum betri. Hann setti vélarnar líka niður í bátana, og þótti takast það engu verr en smíði þeirra. Hann var og engu síður hagur á járnsmíði en tréverk.

Valdimar Ólafsson  
skipasmiður í Hvallátrum

Bátar sem ég man eftir að Valdimar smíðaði á árunum 1923 til 1939.

1. Börkur, vélbátur handa Bergsveini Skúlasyni í Skáleyjum á meðan Bergsveinn bjó þar.
2. Bliki, vélbátur handa Óskari Nielssyni í Svefneyjum.
3. Kári, vélbátur handa Hafliða Pétursyni í Skáleyjum. Þessi bátur var smíðaður um svipað leiti og Bergsveinn Skúlason flutti úr Skáleyjum að Múla. Stuttu síðar flutti Hafliði frá Skáleyjum suður til Þerneyjar á
4. Kollafirði, þá smíðaði Valdimar annan vélbát handa Hafliða en Hafliði seldi þeim Gísla Jóhannessyni og Sveinbirni Daníelssyni Kára. Litlu síðar smíðaði Valdimar tvo árabáta í einu, annan handa Sveinbirni í Skáleyjum, sá bátur var nefndur "Þokki". Vorið 1939 byrjaði Valdimar að borðhækka Þokka og átti að setja vél í hann. Valdimar lauk þessu ekki áður en hann lést. Hinn bátinn ætlaði Valdimar að eiga sjálfur, en stuttu eftir að báturinn fór á flot gekk Tómas Sigurgeirsson bóndi á Miðhúsum eftir að fá bát, sem Valdimar ætlaði að vera búinn að smíða. Dregist hafði að Tómas fengi vél í bátinn og varð ekki af smíðinni. Nú kom Tómas með vélina svo það réðist að hún var látin í nýja bátinn og var hann vélbátur upp frá því. Guðni Guðmundsson keypti bátinn þegar hann flutti búferlum frá Höllustöðum í Skáleyjar og minnsta kosti eftir það hét báturinn "Erla". Þá smíðaði Valdimar bát fyrir Gísla Gíslason
7. og bræður hans á Siglunesi, sá bátur hét "Gylfi". Um svipað leiti smíðaði hann bát fyrir Jón Þórðarson og Snæbjörn Jónsson á Stað. Sá
8. bátur hét "Sindri". Þá smíðaði Valdimar annan bát fyrir Óskar Nielsson
9. í Svefneyjum, sem heitir "Tjaldur".
10. Og svo bát handa Gunnari Þorsteinssyni Litluhlíð.
11. Bát handa Þórði Benjamínssyni í Hergilsey, sá heitir "Baldur"
12. Bát handa Júlíusi Sigurðssyni Litlanesi,
13. og síðast bát handa Kristjáni og Friðþjófi bræðrunum á Auðshaugi. Sá bátur var sveinstykki Valdimars dæmt í Stykkishólmi, stuttu áður en hann lést.
14. Þá smíðaði hann árabát handa Jóni Þórðarsyni snemma á fjórða áratugnum þann bát seldi Jón nafna sínum Jónssyni bónda á Deildará, sem lét vél í hann og átti þar til hann varð ónýtur.

Örugglega smíðaði Valdimar fleiri báta, sem ég man ekki eftir auk þess sem hann breytti mörgum bátum og endurbýggði þá undir vél. Þessum bátum man ég eftir :

v/b Haukur, Guðmundar Bergsteinssonar  
v/b Brandur, Andrésar Gíslasonar  
v/b Halkion, Einars Sveinssonar  
v/b Björg áður Harpa, Magnúsar "Verts"  
v/b Sigurfari, Gísla Bergsveinssonar  
v/b Felix, Óskars Nielssonar  
v/b Gola, Valdimars Stefánssonar

Tekið saman 1991, Aðalsteinn Aðalsteinsson frá Hvallátrum.

ISLAND

Sveinsbréf.

Valdimar Ólafsson

fæddur í Hvallátrum á Breiðafirði  
hinn 20. febrúar 1906, hefur lokið sveinsprófi í  
— skipasmíði —  
þann 25. marz 1939 og fengið þessar einkunnir:

|              |    |              |   |
|--------------|----|--------------|---|
| Í próföfninu | 10 | Í munnlegu   | 8 |
| Í teikningu  | 10 | Í vinnuhræða | 8 |
| Adaleinkunn  |    | 9            |   |

sem er há 1. einkunn.

Adaleinkunn við burtfararpróf frá iðnskóla  
var

Prófverkið var spínn vélbátur.

Stykkishólmi 25. marz 1939

Rögnvaldur Lárusson  
formaður prófnefndar

Kristján Gíslarson  
prófnefndarmaður

Lárus Kristjánsson  
prófnefndarmaður

8. maí 1939  
Sýslumaður  
SNAFELLSSNESS  
HNAFFADALSSTÍL

Þann kr. 6. málsgg. 11. gr. laun  
nr. 27 frá 1. febrúar 1936, gefin  
á grundvelli þess að hann hefur  
fyllt kr. 10. Til og standast þá þarf í próföfninu og teikningu 3, í vinnuhræða  
og munnlegu 3, í adaleinkunn 9.

Þann 25. marz 1939  
Sýslumaður  
SNAFELLSSNESS  
HNAFFADALSSTÍL

Þann kr. 5. málsgg. 11. gr. laun  
nr. 27 frá 1. febrúar 1936, gefin  
á grundvelli þess að hann hefur  
fyllt kr. 10. Til og standast þá þarf í próföfninu og teikningu 3, í vinnuhræða  
og munnlegu 3, í adaleinkunn 9.

*Allmargir bátar eftir Valdimar eru enn til (2016) og varðveittir (Gylfi, Sindri, Baldur, Tjaldur og Þokki á Reykhólum, Súlan í Hvallátrum, Litlanesbáturinn (Bragi) í Reykjavík og Björk á Patreksfirði.*

Aðalsteinn [Eyjólfur] Aðalsteinsson [1923-2014 í Hvallátrum], bróðursonur Valdemars, er nú [1970] skipasmiður í Hvallátrum. Hann þykir ágætur skipasmiður, engu síðri en frændur hans og fyrirrennarar í Látrum, enda mun hann lærður í iðninni eins og tímarnir krefjast. En nú er orðið fátt um bændur og aðra sjófarendur í eyjum, svo dregið hefur úr skipasmíðum Aðalsteins síðustu árin. Eins og sjá má, af þessu ófullkomna yfirliti, hefur um langan aldur verið skipasmíðastöð í Hvallátrum. Í engri eyju hafa svo lengi verið smíðuð skip og bátar, án þess að hlé yrði á.

*Aðalsteinn Eyjólfur Aðalsteinsson fæddist í Hvallátrum á Breiðafirði 5. ágúst 1923. Hann andaðist á hjúkrunarheimilinu Eir 8. júní 2014. Aðalsteinn ólst upp í Hvallátrum og bjó þar til 1975 en þá flutti fjölskyldan til Reykjavíkur. Hann lærði ungur skipasmíði af afa sínum og föðurbróður sem lærðu það af sínum forfeðrum. Skólaganga var ekki löng, farskóli og einn vetur í lðnskólanum í Reykjavík, útskrifaðist þaðan 1963 með meistararéttindi í skipasmíðum. Hann vann við nýsmíðar og viðgerðir báta, en aðstoðaði við bústörfin eftir þörfum. Hann var 18 ára þegar hann smíðaði fyrsta bátinn árið 1941 og þann síðasta 1975. Draupnir er stærsti báturinn sjósettur 1960. Á fertugsaldri hóf Aðalsteinn störf við hafnargerð, fyrst í Króksfjarðarnesi 1959, var svo frá 1967 samfelld hjá Vita- og hafnamálastofnun, allt fram á áttræðisaldur. Það eru ekki margar hafnir á landinu sem hann hefur ekki unnið við. Aðalsteinn flutti ferðafólk um Breiðafjarðareyjar og einnig fólk í embættiserindum svo sem sýslumenn og presta. Hann var mörg ár í hreppsnefnd Flateyjarhrepps, m.a. sem oddviti. Hann var vitavörður í tveimur vitum, Skarfakletti og Miðleiðaskeri. Aðalsteinn var hagleiksmaður á tré og járn, hjálpsamur og búngóður. Lagði miðstöðvarkerfi í hús, vatnslagnir úr brunnum til íbúðarhúsa og gripahúsa, var hárskeri í eyjunum (a.m.k. fyrir karlmenn). Hann lagði sig fram um að draga úr fólksfækkun í Flatey og flutti einn vetur til Flateyjar með fjölskylduna til að vinna við rækvinnslu. Frá árinu 2007 dvaldi hann á hjúkrunarheimilinu Eir.*

*Allmargir bátar eftir Aðalstein eru enn til (2016) og varðveittir (Skipið, Kópur, Svala, Pramminn, Draupnir, Grímsi, Dísa, Farsæll, Heppinn og Ólafur á Reykhólum. Gustur í Kópavogi).*

Jón Jónsson (1840-1905) bóndi í Rauðseyjum frá 1870-1898, smíðaði skip og báta a. m. k. fyrir sjálfan sig.

Þorlákur Bergsveinsson (1835-1920) bóndi í Rúfeyjum og Ebeneser (1877-1965), sonur hans, sem einnig bjó í Rúfeyjum, voru báðir skipasmiðir. Heyrði ég talað um, að bátar þeirra sigldu öðrum bátum betur, enda þótti þeim feðgum gaman að sigla djarft.

Þá, hefur verið getið helstu skipasmiða í Vestureyjum Breiðafjarðar, sem mér er kunnugt um.

Í Suðureyjum mun frægastur skipasmiður á seinni tímum, Sæmundur Sigurðsson [1801-1864] í Geitareyjum. Hann er sagður hafa verið afbragðs smiður, bæði fljótvirkur og vandvirkur, enda hið mesta hraustmenni. Segir Oscar Clausen rithöfundur í sagnabáttum sínum, að hann hafi smíðað 400 skip stór og smá, varð hann þó ekki gamall maður. Sennilega hefur hann þá ekki gert mikið annað um dagana. Meðal skipa, sem Sæmundur smíðaði, var hákarlaskip Bjarneyinga, er þeir létu heita í höfuðið á honum og nefndu Sæmund. Það var mesta happafleyta og áttu þeir það lengi. Stýrðu þeir því oftast í hákarlalegum, Bjarni Jóhannesson bóndi í Lágubúð og Bergsveinn Ólafsson bóndi í Bænum. Báðir voru þeir aflamenn og góðir formenn.

Sæmundur í Geitareyjum og bróðir hans Kristján, smíðuðu líka dekkjuð hákarlaskip í Flatey fyrir Guðmund kaupmann Scheving. Að vísu voru þau ekki stór, en reyndust vel. Sæmundur dó vestur í Flatey sumarið 1864, er hann vann þar við skipasmiðar fyrir Brynjólf kaupmann Benedictsén.

Lárus [1831-1910], sonur Sæmundar Sigurðssonar, var og ágætur skipasmiður. Hann smíðaði m. a. upp að nýju Gust, hið ágæta hákarlaskip Bár-Ólafs Guðmundssonar í Flatey. Gust keypti Ólafur mjög úr sér genginn af Þorvaldi umboðsmanni Sívertsen í Hrappsey, en Þorvaldur hafði fengið skipið úr búi tengdaföður síns, Skúla sýslumanns á Skarði. Ekki er ólíklegt, að Sæmundur í Geitareyjum hafi upphaflega smíðað Gust fyrir Skúla sýslumann. Gustur hafnaði að lokum norður á Akureyri, eftir dygga þjónustu á Breiðafirði. Þó er hann ekki með öllu gleymdur í sínum heimahögum. Gustsnaust er til í Hrappsey. Þar mun hann löngum hafa kúrt af sér vetrarveðrin, meðan hann var í eigu Þorvalds umboðsmanns. Lárus skipasmiður mun lengst hafa átt heima í Stykkishólmi og smíðað mest þar. Því er það kannski í ætt við stuld að vera að nefna hann í þessum þáttum. Hann dó árið 1910, nær áttæður að aldri.

Í gömlum skrifum er getið um Odd nokkurn Arngrímsson [1772-1818, bóndi og skipasmiður í Stóru-Tungu á Fellsströnd], er smíðaði opin hákarlaskip fyrir Guðmund kaupmann Scheving í Flatey. Hafa það að líkindum verið Stóri-Skrauti og Litli-Skrauti. Stóri-Skrauti var teinæringur, en hinn minni. Þau skipsnöfn bárust inn í Hvallátur úr dánarbúi Schevings og eru þar enn við lýði.

Guðmundur Guðmundsson [1852-1936] bóndi í Gvendareyjum, var góður skipasmiður og smíðaði nokkra báta.

*Bátur sem talin er smíðaður af Guðmundi er á byggðasafninu á Laugum í Sælingsdal.*

Steindór Magnússon [1859-1921] bóndi [og vitavörður] í Elliðaey gerði nokkuð að skipasmiðum. Bátar eftir hann þóttu góðir. Hann dó í Stykkishólmi 1921.

*Steindór er talinn hafa smíðað þyt sem lengi var í Öxney og er í eigu Sturla Jóhannssonar frá Öxney.*

Björn Jóhannsson (1893-1963) bóndi í Arney, var síðasti skipasmiðurinn í Suðureyjum. Hann mun hafa numið smíðar af Rögnvaldi Lárussyni í Stykkishólmi, sem þótti ágætur skipasmiður. Bátar Björns líkuðu vel.

*A.m.k. einn bátur eftir Björn, Sæsteinn á Húsavík, hefur varðveist.*

Vel má vera, að fleiri skipasmiðir hafi verið búsettir í Suðureyjum, þó mér sé ekki um það kunnugt, en varla margir sem orð fór af. Góðir skipasmiðir voru löngum búsettir í Stykkishólmi. Áttu eyjabændur þar í nágrenninu og aðrir sjófarendur í sunnanverðum firðinum því hægt um hönd að fá báta smíðaða þar.

*Rögnvaldur Lárusson (1867-1955) skipasmiður í Stykkishólmi var fæddur á Narfeyri á Skógarströnd, hann var bóndi á Straumi á Skógarströnd 1902-07 en flytur þá til Stykkishólms og byggir þar hús sem hann bjó í á efri hæð en starfrækti bátasmiðastöð á hinni neðri. Húsið var nefnt Rögnvaldaráhús, einnig Slippurinn. Rögnvaldur smíðaði fjölda báta og þóttu þeir vandaðir. Nokkrir bátar eftir Rögnvald hafa varðveist. Fyrsta dráttarbrautin í Stykkishólmi var sett upp við húsið og þar byggði Kristján sonur Rögnvaldar síðar vélsmiðju.*

Varla þarf að taka það fram, að hér og þar á nesjunum við Breiðafjörð bjuggu af og til góðir skipasmiðir. Má sem dæmi nefna þá Bjarna Þórðarson [1837-1918] bónda [og gullsmið] á Reykhólum og Eyjólf Stefánsson [1868-1959] bónda á Dröngum á Skógarströnd [sem ólst upp hjá Jóni Jónssyni í Rauðseyjum].

Fjöldi báta var á hlunnindajörðum og stórbýlum kringum allan fjörðinn, sem ekki þurfti síður að bæta og endurnýja en eyjabátana. Kom sér því vel að hafa smiðina landfasta í nágrenninu. En þeirra smíðar falla utan ramma þessa þáttar.

Óhætt mun að fullyrða, að frá því að fyrsta fleytan var smíðuð í Breiðafjarðareyjum og þangað til Ólafur Bergsveinsson reisti smíðahús sitt við vörina í Hvallátrum um síðustu aldamót, voru allir bátar í eyjum smíðaðir undir berum himni og flestir að vetrinum. Aldrei heyrði ég talað um, að konur ynnu að bátasmíðum. Var það eitt af þeim fáu verkum í eyjum, sem þær tóku ekki þátt í til móts við karlmennina. Þó þætti mér ekki ótrúlegt, að ein og ein kona hefði haldið við naglahaus, meðan bóndi hennar gekk frá hnoðinu á rónni.

Vel má segja, að hér hafi verið borið lof á alla skipasmiði, öllum verið hælt. Má það til sanns vegar færa. En voru þá lélegir skipasmiðir ekki til á þessum slóðum, kynni einhver að spyrja. Nei, í raun og veru var það ekki. Þeir sem byrjuðu á skipasmíðum, en voru hroðvirkir klaufar, náðu engum árangri á því sviði. Enginn leit við bát eftir þá, og þeir heltust fljótlega úr lestinni. Því hefur þeirra að engu verið getið hér, en vissulega voru þeir til.

Hinn landskunni hagleiksmaður og ágæti skipasmiður [og skipaskoðunarmaður], Bjarni Þorkelsson [1852-1942] frá Stað á Ölduhrygg, hefur gefið upp eftirfarandi mál á breiðfirzkum og vestfirzkum bátum um síðustu aldamót [málum er breytt m.v. 30,5 sm fetið og 2,54 sm þumlungur (tomma)]:

#### **Teinæringur og tólfæringur:**

Kjölur 28 fet (8,5 m), milli stafna að ofan 34-40 fet (10,4 - 12,2 m), breidd framanhalt við miðju að ofan um 12 fet (3,7 m), dýpt við hausamót 3,5 fet (1,1 m), milli banda 7 þumlungar (17,8 sm), þykkt byrðings 7/8 þumlungur (22 mm).

#### **Áttæringur:**

Kjölur 24 fet, milli stafna 31 fet (9,5 m), breidd framan við miðju að ofan 9,5 fet (2,9 m), dýpt við hausamót 2,5 fet (0,76 m), milli banda 7 þumlungar (17,8 sm), byrðingsþykkt 3/4 þumlungar (19 mm).

#### **Sexæringur:**

Kjölur 20 fet (6,1 m), milli stafna að ofan 27-28 fet (8,2-8,5 m), breidd framanhalt við miðju 8,5 fet (2,6 m), dýpt við hausamót 2,8 fet (0,85 m), þykkt byrðings 3/4 þumlungur (19 mm).

#### **Feræringur:**

Kjöllengd 16,5 fet (5 m), milli stafna 23 fet (7 m), breidd framanhalt við miðju að ofan 7,75 fet (2,4 m), dýpt við hausamót 1,5 fet (0,46 m), þykkt byrðings 5/8 þuml. (16 mm).

#### **Tvíæringur:**

Kjölur 14,5 fet (4,4 m), milli stafna að ofan 17,5 fet (5,3 m), breidd framanhalt við miðju að ofan 6,5 fet (1,98 m), dýpt við hausamót 2,25 fet (0,61 m), þykkt byrðings 5/8 þumlungar (16 mm).

Milli banda 7 þumlungar (17,8 sm) á öllum stærðum báta og skipa.

Þykkt á böndum á tvíæringum var 1,25 þumlungur (3,2 sm), og á tíæringum og tólfæringum 2 þumlungar (5,1 sm).

Efniviður um daga Bjarna var sænsk valborðsfura. (Iðnsaga Íslands, bls. 341).

Þetta munu allt meðalstærðir, þó í rífara lagi, ef eingöngu er miðað við breiðfirzka báta. Efnismagn og styrkleiki í bezta lagi.

Þótt öllum opnum bátum í Breiðafirði væri skipt í þá 5-6 flokka sem Bjarni tilgreinir, var oft greinilegur stærðarmunur á bátum innan hvers flokks. Hygg ég, að á burðarmagni áttæringa (sem bar og var vel fær með 4-4,5 tonn), hafi getað munað 0,3-0,5 tonni, og tilsvarendi á hinum flokkunum.

Þótt hér sé talað um 5-6 flokka eða stærðir báta, voru flokkarnir í daglegu tali aðeins tveir: *skip og bátar*. Í flokki skipa voru aðeins áttæringar og teinæringar. Hitt voru bátar.

Bátarnir voru alltaf í stórum meirihluta.

Góða hugmynd um hlutföllin milli þessara tveggja flokka gefa eftirfarandi tölur:

Árið 1871 voru í Skógarstrandarhreppi, sennilega eyríkasta hreppi á firðinum, aðeins 3 áttæringar og stærri skip, en 26 minni bátar og byttur. Í Skarðsstrandarhreppi 12 áttæringar og stærri skip, en 48 minni bátar og byttur. Í Flateyjarhreppi 9 áttæringar og stærri opin skip, en 64 minni bátar og byttur. (Skýrslur um landshagi á Íslandi).

Þannig mun þetta hafa verið þá um skeið, og svipuð hlutföll héldust til okkar daga. Þá komu opnu vélbátarnir til sögunnar og rugluðu allar stærðir.

Stærri skip en áttæringar voru aldrei mörg í Breiðafjarðareyjum og tímaskeið þeirra ekki sérlega langt. Mér er að vísu ekki kunnugt um upphaf þeirra

(teinæringanna), en flest munu þau vera á því tímabili, sem þeir réðu ríkjum í Flatey, Guðmundur Scheving og Brynjólfur Benedictsens, og gerðu þaðan út á hákarl. Þegar þau gengu úr sér, eða fórust með manni og mús, sem ekki var óalgengt, voru þau ekki endurnýjuð (Egill í Hvallátrum er þó undantekning frá reglunni), enda of stór og erfið til almennra heimilisparfa. Stórhættulegar fleytur voru þau. Höfðu Breiðfirðingar af því bitra reynslu.

Opin skip með breiðfirsku lagi eru því hættulegri sem þau eru stærri. Og hafi hinir fornu islendingar, sem land námu á Grænlandi á síðari hluta 10. aldar, lagt á Grænlandshaf á slíkum farkosti, undrar mig ekki, þó ærin vanhöld yrðu á þeim.

Allir skipasmiðir í Breiðafirði ástunduðu hið svokallaða breiðfirzka bátalag, þangað til opnu vélbátarnir komu til sögunnar. Þrátt fyrir það voru bátarnir ekki eins. Hver smiður hafði sitt lag. Glöggir menn þóttust því ævinlega geta séð, eftir hvern þessi eða hinn báturinn var, án þess að vita hver hefði smíðað hann. Varla voru tveir bátar af sömu stærð eftir sama smiðinn alveg eins, og voru þó kannski báðir jafn góðir. Þetta var vitanlega vegna þess, að teikningar þekktust ekki við skipasmíðar þar um slóðir fram um 1920, að ég held. Og fæstir munu hafa notað „mát“ eða „skapelon“ við smíðarnar. Glöggst auga og hög hönd réðu mestu um gerð hvers báts og gafst vel.

### **Góður bátur. Vondur bátur.**

Þetta er ákaflega afstæð hugtök og verða ekki skýrð eða skilgreind, svo að í lagi sé, né öllum líki. Sami bátur getur verið afbragðs fleyta í höndum eins manns, en ómögulegur hjá öðrum og öfugt. Þetta fer meira eftir þekkingu mannsins á bátnum en byggingu hans. Skiptir mestu hver á heldur. Bátur getur haft góðan skut og barka, en lélega síðu. Góða síðu, en lélegan skut o.s.frv. Þolað mikla siglingu á beitivindi, en verið hættulegur á lensi. Fáir bátar eru jafngóðir á allri siglingu. Þetta verður hver formaður að gera sér ljóst og haga sér eftir því. En eftir því sem meira samræmi er í allri gerð bátsins, því betri er hann og auðveldari í allri brúkun. Hinn mikli galdur og list við allar skipasmíðar var, og er líklega enn, sá, að fá rétt hlutföll í fleytuna.

Þegar formaðurinn þekkir skip sitt til hlítar, veit hann hvað má bjóða hverjum hluta þess, og hagar hleðslu þess og siglingu þá, eftir því. Hjá slíkum manni eru allir bátar góðir. — Góður sjómaður sér kosti og galla hvers báts við fyrstu sýn og ferst jafnan vel. Klaufinn kennir árinna ævinlega um og berst upp á sker.

Rekapláss getur ekki talist í Breiðafjarðareyjum, raunar hvergi í Breiðafirði, nema ef vera kynni utarlega á Barðaströnd. Þó kom fyrir, að dálagleg spýta barst á land

í eyjum. En skipasmiðir sóttu mikið eftir rekavið í báta, sem þeir smíðuðu, einkum efnismiklum rótarhnyðjum. Þær sóttu þeir oft um langan veg, jafnvel norður á Strandir, og unnu með ærnum erfiðismunum. Hnyðjurnar notuðu þeir í innviði: bunkastokka, kollarða, krappa, stafnlok, rengur o. fl. Þótti enginn viður gefast betur í þá hluti sökum seiglu og góðrar endingar. En í byrðinginn var mest sózt eftir borðum úr sænskri furu. Voru þau nefnd valborð. Þótti varla annar viður notandi í vandaða báta og skip.

Seglabúnaður báta í Breiðafjarðareyjum var löngum einfaldur. Hin gömlu þversegl voru einráð á öllum fleytum, frá því að Hrafna-Flóki sigldi vestur yfir fjörðinn og allt fram á síðari hluta 19. aldar. Bátum upp að áttæringstærð fylgdi venjulega aðeins eitt segl. En á skipum átt- og tírónum voru seglin tvö, stórsegl og fokka. Fokkan var dregin upp af stórseglinu og var jafn breið að neðan og efri hluti þess (ráin), en mjókkaði nokkuð upp. Hæð fokkunnar mun oftast hafa verið  $\frac{1}{4}$  af hæð stórseglinsins. Efnið í seglunum var lengi heimaunninn dúkur, uppistaðan tvistur en ívafið íslenzkt ullarband. Þverseglið á minni bátum var oft nefnt skektusegl, þótt ekki væru allir bátar skektur.

Munurinn á skektu og bát er mér ekki alveg ljós. Skektur höfðu þó undantekningarlaust skjólborð í stað hástokka, og botnbreiðari munu þær hafa verið í hlutfalli við lengd en bræður þeirra bátarnir.

Vaðmálsseglin voru ákaflega óþjál, héldu miklu vatni og snjó á vetrum, frusu illa og voru þá rétt óviðráðanleg á stærri skipum. Var það mikil framför og létti stórum erfiði af sjómönnum, þegar striginn kom til sögunnar og varð algengur í seglum. Sá er þetta ritar, man aðeins eftir einu þversegli úr íslensku vaðmáli. Var þó hætt að nota það á skipinu, sem upphaflega bar það, en notað í elli sinni til að þurrka á því æðardún.

Þegar líða tók að aldamótunum síðustu, fóru önnur segl að leysa þverseglin af hólmi, a. m. k. höggva skarð í einveldi þeirra. Hermann S. Jónsson skipstjóri í Flatey, segir svo frá:

„Það var að Brynjólfi Benedictsens lánnum, líklega kringum 1870, að frú Guðný Jóhannesdóttir, ekkja Bents Jónssonar borgara í Flatey, keypti Blíðfara til hákarlaveiða og annarra stærri ferða og flutninga. Fékk hún þá föður minn fyrir formann á skipið. Vera má, að seglin hafi verið orðin léleg og meðfram þess vegna hafi hann breytt siglingunni á skipinu í „loggortusiglingu“, sem æ hélst síðan og aðrir tóku upp eftir honum“.

Með þessu uppátæki sínu rauf Jón formaður, faðir Hermanns, einveldi þverseglanna á Breiðafirði. Og ekki efa ég, að Blíðfari hafi borið loggortusiglinguna, meðan hann var við lýði. Eins segl voru á hákarlaskipinu Gusti í Flatey, eins og mynd, sem til er að því skipi, sýnir greinilega. Og víst er, að suður til Rúfeyja bárust þau segl. Þorlákur Bergsveinsson, bóndi og smiður þar, smíðaði bát um aldamótin [1900], er hann nefndi Höfrung, og hafði á honum „loggortu". En „loggortusiglingin" stóð aðeins skamman tíma í Breiðafirði og náði aldrei verulegri útbreiðslu. Hún var eins konar stökkpallur, áfangi frá þverseglunum yfir í gaffalseglin, sem aðeins fáir menn færðu sér í nyt. Það var ekki fyrr en gaffalseglin komu til sögunnar, að veldi þverseglanna lauk.

Fullyrt hefur verið í mín eyru af manni, sem kunnugur var í eyjum um aldamótin, að Eyjólfur Ólafsson bóndi í Sviðnum, hafi fyrstur manna tekið upp þann seglabúnað í Vestureyjum. Mun það hafa verið 1903. Annars mun engan veginn gott að fá öruggar heimildir um þetta og margt annað, er varðar útbúnað báta á þessum slóðum. Mikil framför þótti orðin í siglingatækninni, þegar gaffalseglin komu til sögunnar og urðu almenn. Spritsegl tíðkuðust aldrei í Breiðafirði, þó munu þau hafa sézt þar á bát. Gaffalseglin voru í rauninni gerólík þverseglunum og hentuðu betur, einkum á stærri skipum. Þau voru fleiri og smærri. Á tveggja- og fjagramanna förum voru þau aðeins tvö: stórsegl og fokka. En á áttæringum venjulega fjögur: Aftursegl, stórsegl, fokka og klýfir.

Með þessum seglabúnaði tókst að sigla nær vindi en áður þekktist. Var það einn kostur þeirra og kom sér vel, þegar fólki fækkaði í sjóferðum og ekki var hægt að berja til þrautar, svo sem áður var löngum gert. Þó bar mönnum ekki saman um yfirburði gaffalseglanna. Nokkrir hinna bestu formanna, einkum í Suðureyjum, lögðu þverseglin aldrei niður á róðrabátum sínum. Þeir sögðust ekki ná jafngóðri siglingu með gaffalseglunum og sínum gömlu þverseglum, sem þeir höfðu vanizt frá fæðingu. Þeir neituðu því að vísu ekki, að hægt væri að sigla nær vindi með gaffalseglunum, en því sem munaði á tökunni, sögðust þeir ná upp með betri gangi á bátnum, meiri ferð.

Í flestum tilfellum mun þetta rétt. Og alveg er víst, að á allri siglingu, nema stífum beitivindi, næst meiri ferð á opnum bát með þversegli en gaffalseglum. En tvímælalaust krefst sú sigling meiri leikni, aðgæslu og kunnáttu af þeim, sem um stjórnvölinn heldur og jafnvel hásetum líka. Sá ganghraði, sem hinir slyngustu formenn náðu á báta sína og skip með þverseglunum á *lensi*, þykir nú alveg ótrúlegur. Miðlungs hraðskreið gufuskip í dag ná ekki þeim hraða. Ég hef tilfært dæmi um slíka siglingu annars staðar, og skulu þau ekki endurtekin hér. Á þau er

litið sem stórlygar. Áttæringarnir sátu í grænni tóft og sigldu af sér hverja báru, en skekturnar fleyttu kerlingar í báruföldunum. Þá var siglt „á landamerkjum lífs og dauða". Að því léku ungir Breiðfirðingar sér fram um síðustu aldamót. Sú sjómennska hvarf af flóum og eyjasundum með árabátunum og þverseglunum, og verða henni ekki gerð frekari skil hér.

**Heimild: Bergsveinn Skúlason, Áratog, Leiftur 1970, bls. 16-32.**

# Áhöld og tæki

## Snittsett / Kassi

|                  |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                |
|------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Númer            | 101 – 120                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                      |
| Heiti            | <b>Snittsett.</b> Trékassi (120) með 5 snittklúbbum (101-105) 9 snittbökkum (106-113) og 5 snitttöppum (115-119)                                                                                                                                                                                                                                                               |
| Stærð t.d. L/B/D |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                |
| Hver gerði       | Innflutt og heimager af Eyjólfu Ólafssyni eld- og vélsmið í Sviðnum                                                                                                                                                                                                                                                                                                            |
| Hver notaði      | Eyjólfur Ólafsson (1855-1918), Ólafur Bergsveinsson (1867-1939), Valdimar Ólafsson (1906-1939) og Aðalsteinn Eyjólfur Aðalsteinsson (1923-2014)                                                                                                                                                                                                                                |
| Hvar notað       | Í Sviðnum og Hvallátrum í Breiðafirði                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          |
| Notkun           | Vélsmiði og bátasmiði                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          |
| Gefandi          | Aðalsteinn Eyjólfur Aðalsteinsson (1923-2014)                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  |
| Hvenær gefið     | 2007                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                           |
| Lýsing           | <b>Snittsett</b> er notað til að gera/skera skrófgang (gengjur) á bolta og í rær. Klúbbur er sveif sem bakki og tappi eru settir í eftir því hvort verið var að vinna skrófbolta eða rær. Vitað er að Eyjólfur smíðaði klúbba í settið. Eyjólfur merkti bakkana þannig að þeir pössuðu við tommumál. Þetta er fyrsta snittsettið sem vitað er um við vestanverðan Breiðafjörð. |
| Efni             | Tré og járn                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                    |
| Sveitarfélag     | Flateyjarhreppur, síðar Reykhólahreppur                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                        |
| Sýsla            | Austur - Barðastrandarsýsla                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                    |
| Staður           | Reykhólar                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                      |
| Mynd nr.         | 101 - 120                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                      |
| Aldur            | Frá ca 1850                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                    |
| Iðngrein         | Vél- og bátasmiði                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                              |
| Hvar geymt       | Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                    |



Trékassi undan snittsetti.



Snittsett, 5 klúbbar, 9 bakkar og 5 tappar.



Snittklúbbur.



Snittklúbbur.



Snittklúbbur.



Snittklúbbur.



Snittklúbbur.



Snittklúbbur.



Snittklúbbur.



Snittklúbbur.



Snittbakkar.



Snitttappar.

## Eldsmíðaáhöld

|                  |                                                                                                                                                                                                                                                                                                    |
|------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Númer            | 121 - 129                                                                                                                                                                                                                                                                                          |
| Heiti            | <b>Eldsmíðaáhöld. 2 tangir</b> (nr. 121-122), <b>3 laðir/löð</b> (nr. 123-125), <b>3 steðjar</b> (nr. 126-128) og <b>púrra</b> (nr. 129)                                                                                                                                                           |
| Stærð t.d. L/B/D |                                                                                                                                                                                                                                                                                                    |
| Hver gerði       | Innflutt og heimagert af Eyjólfí Ólafssyni eld- og vélsmið í Sviðnum                                                                                                                                                                                                                               |
| Hver notaði      | Eyjólfur Ólafsson (1855-1918), Ólafur Bergsveinsson (1867-1939), Valdimar Ólafsson (1906-1939) og Aðalsteinn Eyjólfur Aðalsteinsson (1923-2014)                                                                                                                                                    |
| Hvar notað       | Í Sviðnum og Hvallátrum í Breiðafirði                                                                                                                                                                                                                                                              |
| Notkun           | Vélsmiði og bátasmíði                                                                                                                                                                                                                                                                              |
| Gefandi          | Aðalsteinn Eyjólfur Aðalsteinsson (1923-2014)                                                                                                                                                                                                                                                      |
| Hvenær gefið     | 2007                                                                                                                                                                                                                                                                                               |
| Lýsing           | <b>Tangir</b> notaðar til að halda á því sem smíðað var. <b>Laðir</b> eru með misstórum götum til að móta það sem smíðað var (að falla í ljúfa löð). <b>Steðjar</b> notaðir til að slá efniviðinn til, litlir steðjar sem stungið var í stærri steðja. <b>Púrra</b> járn til að nota til ásláttar. |
| Efni             | Járn                                                                                                                                                                                                                                                                                               |
| Sveitarfélag     | Flateyjarhreppur, síðar Reykhólahreppur                                                                                                                                                                                                                                                            |
| Sýsla            | Austur - Barðastrandarsýsla                                                                                                                                                                                                                                                                        |
| Staður           | Reykhólar                                                                                                                                                                                                                                                                                          |
| Mynd nr.         | 121-129                                                                                                                                                                                                                                                                                            |
| Aldur            | Frá ca 1850                                                                                                                                                                                                                                                                                        |
| Iðngrein         | Vél- og bátasmíði                                                                                                                                                                                                                                                                                  |
| Hvar geymt       | Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf.                                                                                                                                                                                                                                                        |



Töng.



Töng.



Löð.



Löð.



Löð.



Steðji.



Steðji.



Steðji.



Púrra.

## Ýmis áhöld

|                  |                                                                                                                                                                                                                        |
|------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Númer            | 130                                                                                                                                                                                                                    |
| Heiti            | <b>Lensidæla</b>                                                                                                                                                                                                       |
| Stærð t.d. L/B/D |                                                                                                                                                                                                                        |
| Hver gerði       | Innflutt                                                                                                                                                                                                               |
| Hver notaði      | Bændur í Hvallátrum í Breiðafirði                                                                                                                                                                                      |
| Hvar notað       | Í Hvallátrum í Breiðafirði                                                                                                                                                                                             |
| Notkun           | Var í áttæringnum Skrauta í Hvallátrum í Breiðafirði. Skrauti var smíðaður af Ólafi Bergsveinssyni (1867-1939) í Hvallátrum og var notaður sem flutningabátur í Hvallátrum.                                            |
| Gefandi          | Aðalsteinn Eyjólfur Aðalsteinsson (1923-2014)                                                                                                                                                                          |
| Hvenær gefið     | 2007                                                                                                                                                                                                                   |
| Lýsing           | Gert var gat á bátinn og tækið sett í gatið og skrúfað fast. Þegar ferð komst á bátinn sogaði tækið sjó úr bátnum og hélt honum þurru. Þegar báturinn var ekki á ferð lokaðist fyrir tækið og ekkert lak inn í bátinn. |
| Efni             | Kopar                                                                                                                                                                                                                  |
| Sveitarfélag     | Flateyjarhreppur, síðar Reykhólahreppur                                                                                                                                                                                |
| Sýsla            | Austur - Barðastrandarsýsla                                                                                                                                                                                            |
| Staður           | Reykhólar                                                                                                                                                                                                              |
| Mynd nr.         | 130                                                                                                                                                                                                                    |
| Aldur            | Frá ca 1920                                                                                                                                                                                                            |
| Iðngrein         | Vél- og bátasmíði                                                                                                                                                                                                      |
| Hvar geymt       | Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf.                                                                                                                                                                            |



Lensidæla.



Lensidæla.



*Heyflutningar í Hvallátrum. Aðalsteinn Aðalsteinsson og Jón Daníelsson á Björgu að draga Skrauta.*

Skrauti var með Lensidæluna (nr.130). Mynd úr Eylendu.



Egill, Skrauti, Sendlingur og Björg í vörinni í Hvallátrum. Mynd úr Eylendu.

|                  |                                               |
|------------------|-----------------------------------------------|
| Númer            | 131                                           |
| Heiti            | <b>Mótorlampi</b>                             |
| Stærð t.d. L/B/D |                                               |
| Hver gerði       | Innflutt                                      |
| Hver notaði      | Bændur í Hvallátrum í Breiðafirði             |
| Hvar notað       | Í Hvallátrum í Breiðafirði                    |
| Notkun           | Í Hvallátrum í Breiðafirði                    |
| Gefandi          | Aðalsteinn Eyjólfur Aðalsteinsson (1923-2014) |
| Hvenær gefið     | 2007                                          |
| Lýsing           | Notaður m.a. til að hita glóðarhaus á vélum.  |
| Efni             | Málmur, kopar o.fl.                           |
| Sveitarfélag     | Flateyjarhreppur, síðar Reykhólahreppur       |
| Sýsla            | Austur - Barðastrandarsýsla                   |
| Staður           | Reykhólar                                     |
| Mynd nr.         | 131                                           |
| Aldur            | Frá ca 1920                                   |
| Iðngrein         | Vél- og bátasmíði                             |
| Hvar geymt       | Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf.   |



Mótorlampi.

|                  |                                                                                                                                                                                                                                       |
|------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Númer            | 132                                                                                                                                                                                                                                   |
| Heiti            | <b>Hákarlasókn</b>                                                                                                                                                                                                                    |
| Stærð t.d. L/B/D | Lengd önguls um 35 sm. Lengd keðju um 65 sm                                                                                                                                                                                           |
| Hver gerði       |                                                                                                                                                                                                                                       |
| Hver notaði      | Bændur í Hvallátrum í Breiðafirði                                                                                                                                                                                                     |
| Hvar notað       | Í Hvallátrum í Breiðafirði                                                                                                                                                                                                            |
| Notkun           | Við hákarlaveiðar í Breiðafirði á nítjándu öld.                                                                                                                                                                                       |
| Gefandi          | Aðalsteinn Eyjólfur Aðalsteinsson (1923-2014)                                                                                                                                                                                         |
| Hvenær gefið     | 2007                                                                                                                                                                                                                                  |
| Lýsing           | Hákarlasókn, öngull og keðja (sem nefnd var sóknarbálgur) og segulnagli sem tengdi öngul og keðju. Á sóknina var oftast beitt selspiki eða hrossakjöti, en járnkeðjan var til að hákarlinn klippti ekki vaðinn í sundur með tönnunum. |
| Efni             | Járn                                                                                                                                                                                                                                  |
| Sveitarfélag     | Flateyjarhreppur, síðar Reykhólahreppur                                                                                                                                                                                               |
| Sýsla            | Austur - Barðastrandarsýsla                                                                                                                                                                                                           |
| Staður           | Reykhólar                                                                                                                                                                                                                             |
| Mynd nr.         |                                                                                                                                                                                                                                       |
| Aldur            | 1800-1900                                                                                                                                                                                                                             |
| Iðngrein         | Vél- og bátasmíði                                                                                                                                                                                                                     |
| Hvar geymt       | Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf.                                                                                                                                                                                           |



Hákarlasókn.

|                  |                                                                                                                                                                                                                                     |
|------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Númer            | 133                                                                                                                                                                                                                                 |
| Heiti            | <b>Hákarlasókn</b>                                                                                                                                                                                                                  |
| Stærð t.d. L/B/D | Lengd önguls um 18 sm. Lengd keðju um 82 sm                                                                                                                                                                                         |
| Hver gerði       |                                                                                                                                                                                                                                     |
| Hver notaði      | Bændur í Hvallátrum í Breiðafirði                                                                                                                                                                                                   |
| Hvar notað       | Í Hvallátrum í Breiðafirði                                                                                                                                                                                                          |
| Notkun           | Við hákarlaveiðar í Breiðafirði á nítjándu öld.                                                                                                                                                                                     |
| Gefandi          | Aðalsteinn Eyjólfur Aðalsteinsson (1923-2014)                                                                                                                                                                                       |
| Hvenær gefið     | 2007                                                                                                                                                                                                                                |
| Lýsing           | Hákarlasókn, öngull og keðja (sem nefnd var sóknarbálgur) og segulnagli sem tengdi keðju og vað. Á sóknina var oftast beitt selspiki eða hrossakjöti, en járnkeðjan var til að hákarlinn klippti ekki vaðinn í sundur með tönnunum. |
| Efni             | Járn                                                                                                                                                                                                                                |
| Sveitarfélag     | Flateyjarhreppur, síðar Reykhólahreppur                                                                                                                                                                                             |
| Sýsla            | Austur - Barðastrandarsýsla                                                                                                                                                                                                         |
| Staður           | Reykhólar                                                                                                                                                                                                                           |
| Mynd nr.         |                                                                                                                                                                                                                                     |
| Aldur            | 1800-1900                                                                                                                                                                                                                           |
| Iðngrein         | Vél- og bátasmíði                                                                                                                                                                                                                   |
| Hvar geymt       | Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf.                                                                                                                                                                                         |



Hákarlasókn.

|                  |                                                                                  |
|------------------|----------------------------------------------------------------------------------|
| Númer            | 135                                                                              |
| Heiti            | <b>Brjóstborvél</b>                                                              |
| Stærð t.d. L/B/D | 45 sm löng.                                                                      |
| Hver gerði       |                                                                                  |
| Hver notaði      | Skipasmiðir í Hvallátrum í Breiðafirði                                           |
| Hvar notað       | Í Hvallátrum í Breiðafirði                                                       |
| Notkun           | Bora í járn og tré                                                               |
| Gefandi          | Aðalsteinn Eyjólfur Aðalsteinsson (1923-2014)                                    |
| Hvenær gefið     | 2007                                                                             |
| Lýsing           | Borvél sem haldið var á og gjarnan lögð að bringu (brjósti) smiðsins. Handsnúin. |
| Efni             | Járn                                                                             |
